

*Sólableið*

44. tbl. 39. árgangur  
Fimmtudagurinn 16. desember 2021

*Eystrahorn*

Næsta blað kemur út 6. janúar 2022

## Hársnyrtistofan FLIKK

Austurbraut 15 • Sími 478-2110

Óska íbúum A-Skaftafellssýslu og viðskiptavinum mínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Jóla Sveinsson, Birna Sóley



Kæru ættingjar og vinir.

Bestu jóla- og nýárskveðjur.

Þökkum líðin ár.

Ragnar og Inga

Akurnesi



Sendum okkar bestu kveðjur með ósk um gleðilega hátíð og farsæld á komandi ári.

Þökkum líðin ár

Björn Jón og fjölskylda



Kæru ættingjar og vinir. Gleðileg jól og farsælt komandi ár, þökkum fyrir líðin ár.

Bestu kveðjur, Laufey og Óskar



Verkfærni óskar öllum Hornfirðingum gleðilegrar hátíðar. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Verkfærni ehf



Starfsfólk Þrastarhóls ehf. sendir viðskiptavinum og öðrum lesendum

Eystrahorns bestu óskir um gleðileg jól.

Óskum ykkur alls góðs á komandi ári og

þökkum góð samskipti á liðnum árum.

Guðbjartur, Birna og Agnes

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



### HORNAFJARÐARMEISTARAMÓT Í

Hornafjarðarmanna verður í Ekrusalnum miðvikudaginn 29. desember kl. 16:00.

Allir velkomnir eins og sóttvarnareglur þá leyfa.

Mínum á **samveruna** 17. desember kl.

17:00 um jólasveina og jólavættir.

Sendi vinum og vandamönnum innilegar jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir líðin ár.

Arnar Bjarnason

Smárabraut 11



Gleðileg jól allir og farsælt komandi ár, með þökk fyrir viðskiptin.

Katrín Birna – BjarnaBerg



Við hjónin sendum Hornfirðingum, vinum, samstarfsfólki og nemendum, okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Takk fyrir samverustundirnar á árinu sem er að líða þær hafa svo sannarlega gert lífið betra.

Gleði og fríðarjól til allra.

Kristín G. Gestsdóttir og Jóhann Morávek



Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Innilegar þakkir fyrir árið sem er að líða.


Gulla og Brói



Kæru vinir gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum liðnar stundir.

Jóla Sveinsson

Geir, Björk og fjölskylda



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritsgjafi: Ritsgjafi

Ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litaprent

ISSN 1670-4126

# Ungmennafélagið Sindri er félag sem starfar að almannaheill

Ný lög hafa verið samþykkt og tóku gildi þann 1. nóvember þar sem Ungmennafélög geta skráð sig á lista yfir félög sem starfa að almannaheill og njóta aukins skattahagræðingar. UMF Sindri hefur fengið staðfestingu á þessari skráningu hjá RSK. Í lögunum er ákvæði fyrir fyrirtæki sem vilja styrkja félög á Almannaheillaskrá, og er þeim heimilt að draga frá skattstofni allt að 1,5% af rekstrartekjum og láta renna til félaga á almannaheillaskrá. Einstaklingar hafa heimild til að gefa 350.000 kr. og draga það frá tekjuskattstofni og erfðafjárskattur er felldur niður ef arfurinn rennur til félaga á almannaheillaskrá.

sjá nánar

<https://www.umfi.is/utgafa/frettasafn/muna-ad-skra-ithrottafelagid-a-almannaheillaskra>  
<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattskylda/almannaheillaskra-skattfradrattur>

Við hvetjum fyrirtæki hér á Höfn að taka höndum saman og styrkja íþróttastarfið með myndarlegum hætti. Tekið er fram í lögunum að skattafrádrátturinn á eingöngu við um gjafir en ekki auglýsingasamninga. Listi yfir fyrirtæki sem styrkja UMF Sindra með þessum hætti verður birtur á heimasíðu félagsins í lok Janúar sem Bakhjarlar UMF Sindra. Þau fyrirtæki sem gefa 1.000.000 kr. eða meira verða skilgreind sem demantar,

og þau fyrirtæki sem gefa 500.000 kr. til 999.999 kr. verða skilgreind sem gull fyrirtæki og silfur fyrirtæki sem gefa 100.000 kr. til 499.999 kr. Tekið skal fram að allir styrkir eru vel þegnir og gamla máltækið margt smátt gerir eitt stórt á svo sannarlega við í þessum efnunum.

Þau fyrirtæki sem vilja taka þátt í þessu verkefni geta millifært gjafaupphæðina á eftirfarandi reikning fyrir 30. desember nk. til að nýta heimildina fyrir þetta ár.

kt. 430380-0609

rn. 0172-05-010059

Við hvetjum fyrirtæki hér á Höfn sem vilja láta gott af sér leiða að nýta þennan skattafrádrátt og athugið að UMF Sindri þarf að veita formlega staðfestingu á gjöfnni til RSK.

Um þessar mundir er UMF Sindri að hafa samband við fyrirtæki á svæðinu og kynna þessa skráningu og við viljum biðjum fyrirtæki að taka vel á móti þessum símtölum.

Hægt er að gefa til einstaka deilda og þá þarf viðkomandi að setja nafn deildarinnar í tilvísun á millifærslunni. Einnig er hægt að



gefa til bílakaupa og þá þarf það að koma fram í tilvísun en að öðrum kosti mun stjórn félagsins ráðstafa söfnunarfénu þar sem þess er helst þörf.

UMF Sindri þakkar allan þann stuðning sem fyrirtæki hafa veitt félaginu undanfarin ár og öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa stutt við félagið í gegnum árin og að lokum vill UMF Sindri óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.

*Óska Hornfirðingum gleðilegra jóla,  
farsældar og friðar á komandi ári og  
þakka fyrir viðskiptin á liðandi ári.*

*Verð á ferðinni á 8 vikna  
fresti á nýju ári*

*Kveðja Anna Bogga  
fótaaðgerðafræðingur  
s: 896-7685*

*Aðstandendur Eystrahorns senda  
lesendum hugheilar  
jóla- og nýárskveðjur*

*Þökkum samstarf og stuðning á  
árinu sem er að líða*

## Er ekki bara gott að versla í heimabyggð?

Rúm og gaflar í mörgum stærðum og gerðum  
Þið fáið nytsamlegar og fallegar gjafir hjá okkur.  
Mikið úrval og skartgripum frá Sign, Vera Design og Ásu.

Ný lína frá Sign

**Jólastemning alla helgina opið  
laugardag og sunnudag frá kl. 13:00-16:00.**

Verið velkomin



*Húsgagnaval*

*Húsgögn og gjafavörur*

S: 478-2535 / 898-3664  
Opið virka daga kl.13-18 og  
laugardaga kl.13-16



Óskum ættingjum og vinum  
gledilegra jóla og farsældar á  
nýju ári.

Þökkum hlýhug á liðnum árum.  
Guðrún, Tjörvi og fjölskylda

Sendum Hornfirðingum okkar  
bestu jóla- og nýárskveðjur með  
þökk fyrir liðin ár  
Snorri og Heiða Dís



**GAMLÁRSHLAUP UMF SINDRA & HLAUPAHÓPS HORNAFJARÐAR**

Við ætlum að halda okkar „árlega“ gamlárshlaup og vonum að veðrið leiki við okkur á Gamlársdag! Hvetjum alla til að mæta og enda árið á skemmtilegri og heilsusamlegri samveru.

Kl. 11.00 á Gamlársdag - Frá sundlauginni.  
Skráning hefst 30 mínútum fyrir hlaup.  
3 vegalengdir: 3 km - 5 km (hluti af vetrarhlaupaseríu) - 10 km  
Búningapema - Verðlaun fyrir flottustu búningana.  
Útdráttarverðlaun og verðlaun fyrir fyrstu sæti kk/kvk í hverri vegalengd.  
Léttar veitingar að loknu hlaupi.  
Verð: 500 kr (fritt fyrir 14 ára og yngri)

hlaupahopuhornafjardar@gmail.com

Óskum öllum íbúum Sveitarfélagsins  
Hornafjarðar gledilegra jóla  
og farsæls nýs árs

Íþróttamiðstöð Hornafjarðar

**Jól fyrir sunnan?**

Jólapakkar fyrir þá sem ætla suður  
fyrir og yfir hátíðirnar

Frábær gisting í næsta nágrenni við fjölda verslana í Smáralind.

Verð frá 15 þúsundum nóttin.

Ný herbergi, gott aðgengi og næg bílastæði.

Litlar íbúðir fyrir fjölskyldufólk

Upplýsingar á 201hotel.is og síma 556-1100

Bókið með því fara heimasíðuna okkar og notið orðið "jolgajafir" í Promocode.

**201**  
HOTEL

Kæru Austur Skaftfellingar  
og nærsveitingar.  
Sendum hugheilar  
jóla- og nýárskveðjur  
með þökk fyrir viðskiptin  
og ánægjulegt samstarf á  
árinu.

Geir og Björk

**Þingvað ehf**  
byggingaverktakar

## Með saltan sjó í æðum



Sigurður, Óli Björn og Ægir



Ásgrímur, Ingólfur yngri og Ingólfur

Á Hornafirði hefur sjávarúrvegur verið burðarás í atvinnusögu staðarins. Hann þarf vart að ræða eða rita, svo samofinn er hann lífinu. Allt í kringum landið er atvinnugreinin víða í blóma, og tel ég að við Hornfirðingar getum státað af dugandi mönnum og konum í greininni. Mér finnst því fréttæmt, jákvætt og skemmtilegt að velta hlutunum fyrir mér. Þegar ég flutti til Hafnar fyrir margt löngu fannst mér allir karlmenn vera á sjó, og þegar allt var á fullu stukku konurnar til og létu sig ekki muna um að bæta t.d. síldarsöltun við heimilishald og barnauppleði. Mikið hvað ég leit upp til þessara kvenna, því „Reykjavikurdaman“ ég kunnir ekkert til verka í þessari atvinnugrein, þrátt fyrir að vera dóttir vélstjóra. Í kringum mig voru allir sem ég umgekkst á sama stað í lífinu á þessum árum: Eiginmaðurinn á sjó og konan sá um allt hitt. Í þann tíð byggði fólk húsin sín í sveita sins andliti, vann mikið til að koma þaki yfir sig og sína. Lánstraust og

afborgunarskil héldust í hendur. — Börnin á Höfn þekktu sjómennskuna vel og fetuðu mörg þeirra í fótspor feðranna. Í minningunni eru efstir á blaði þeir tvíburabræður Haukur og Gústi Run, Palli á Lyngey, Bjóssi á Hvanney, Gunnar Ásgeirs, Óli Björn, þeir bræður Oskar og Kristinn á Vegamótum, Lúlli á Æskunni, Stebbi Agga, Ingólfur Ásgríms og Birgir Sig. Sá mæti maður var sá fyrsti sem ég hittir auga til auglitis af þessum hornfirsku skipstjórum, og það um borð í Skinney sf 20. Þeir voru í slipp, Birgir var með kótilettur, Brói bauð í mat og ég taldi að radsjái væri fagtæki. Ekki gáfulegt. Birgir sagði við kynningu á dömummi að engin hétu Hestnes! Við urðum fljótt dús. Mér fannst líka mikið til koma þegar ég heyrði um Síðu - Halls útgerðina! Snemma beygðist því krókurinn hjá strákuinum á þeim tíma, en núna láta þeir sér nægja að syngja Síðu - Halls valsinn þegar vel liggur á þeim.

Þessir sem á undan er getið er kannski

ekki fulltæmandi upptalning, en mörg börn þessara manna hafa haldið merkinu á lofti sem dugandi fólk í greininni. Allt upp í 5 ættliðir stunda hér sjóinn, það finnst mér aðáunarvert. Sigurður Ólafsson, afi Óla Björns var skipstjóri á sinni tíð og eins Þorbjörn sonur hans. Þá kemur Óli Björn og sonur hans Sigurður, en lestina dregur Ægir, sonur þess síðast nefnda. Parna eru sem sagt 5 ættliðir í beinan karllegg skipstjórnarmenn.

Ingólfur Ásgrímsson hefur heldur ekki látið sitt eftir liggja, en þar eru þeir skipstjórnarmenn. Ingólfur Ásgríms, Ásgrímur sonur hans og Ingólfur afastrákur. Ingólfur yngri fór í sína jómfrúarferð sem skipstjóri 23.september s.l. og aflinn var 71 tonn. Allir þessir menn hafa verið farsælir skipstjórnarmenn, og færir í sinni grein. Mér finnst þetta bara skollí gott, jákvætt og þess virði að minnast á. Óska þeim öllum velfarnaðar í framtíðinni.

Guðlaug Hestnes

3. Framboðið færir Austur-Skaftfellingum bestu óskir um gleðileg jól, frið og farsæld á komandi ári. Með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.



Jólaþveðjur

3. Framboðið



3. Framboðið

Sendum vinum og fjölskyldu, okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum fyrir allt gamalt og gott!  
Matta og Hjálmar

Sendum iðúum í  
Ríki Vatnajökuls bestu  
jóla- og nýársþveðjur



Golfklúbbur Hornafjarðar  
sendir öllum kylfingum  
hugheilar jóla- og nýárskveðjur



Sendi frændfólki og vinum bestu  
Jóla- og nýársóskir  
Kær kveðja og þakkir fyrir það liðna  
Ragna Eym

Kæra samferðafólk

Óskum ykkur öllum gleðilegra  
jóla, hamingju og farsældar á  
nýju ári.

Takkt fyrir öll samskipti og  
viðskipti á árinu sem er að  
liða.

Ómar Frans, Sólsker  
og Sveinbjörg,  
Nuddmeistari



Færi öllum vinum, ættingjum og samstarfsfólki  
í Austur-Skaftafellssýslu, mínar bestu jóla  
og nýárskveðjur. Þakka öll liðnu árin.

Guðjón Benediktsson, Sandaseli



Ferðafélag Austur-Skaftfellinga sendir  
félagsmönnum sínum, samstarfsaðilum  
og landsmönnum öllum, hugheilar jóla og  
nýárskveðjur, með þakklæti fyrir ánægjulegar  
samverustundir og gott samstarf á árinu sem er  
að liða. Hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári.



Jóla- og nýárskveðja.

Ferðafélag Austur Skaftfellinga

Starfsfólk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar  
óskar Austur-Skaftfellingum öllum og öðrum  
velunnurum  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.  
Við viljum þakka fyrir allar góðu stundirnar á  
árinu sem er að líða og vonumst til að þær  
verði enn fleiri á komandi ári.



Óskum ykkur öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.

Takkt fyrir viðskipti á árinu sem  
er að liða.

Eigendur og starfsfólk Kaffi Hornsins



## Litum framtíðina saman

Kæru félagar í ferðapjónustu

Ferðapjónustuárið 2021 hefur að mörgu leyti komið mun betur út en margir rekstraraðilar þorðu að vona. Gestagangur frá miðju sumri og fram á haust hefur verið með ágætum og ýmis jákvæð teikn eru á lofti fyrir komandi misseri. Á þessum sérstöku og krefjandi tímum í heimssögunni höfum við Austur-Skaftfellingar enn og aftur sýnt hversu lífseig við getum verið þegar á móti blæs, aðlagð okkur að breyttum aðstæðum og gengið ótraud áfram í gegnum storminn.

Nú eru að ganga í garð tímamót tækifæra, fyrir áframhaldandi uppbyggingu ferðapjónustu, í Austur Skaftafellssýslu. Það er mikilvægt að við rekstraraðilar í heimabyggð mótum þá framtíð sjálf.

Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu, FASK, er vettvangur allra rekstraraðila til að hafa áhrif á þá framtíðar umgjörð sem Sveitarfélagið Hornafjörður, Vatnajökulsþjóðgarður og Ríkið munu koma til með að móta á komandi misserum. Á þessum vettvöngum fer fram skipulagsvinna, verndun og uppbygging atvinnustefnu ásamt almennri löggjöf um ferðapjónustu.

FASK á áheyrnarfulltrúa í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, stjórnarmann í Markaðsstofu Suðurlands og Svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt því að


vera í góðum tengslum við bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

FASK ætla að leita til félagsmanna um áherslumál sem geta stutt við innviðaupbyggingu fyrir ferðapjónustu á svæðinu, sem verður til þess að búa til einstaka umgjörð fyrir fyrirtæki og starfsmenn þeirra til að efla og skapa áframhaldandi verðmæti fyrir svæðið okkar. Hægt verður að skila inn hugmyndum/ábendingum á skilaboðasiðu FASK, [www.ferdaskaft.is](http://www.ferdaskaft.is) allar ábendingar eru vel þegnar.

### Nýir félagar verið velkomnir í FASK – Félagsgjöld 2021

Nú á næstu dögum munu birtast valkröfurnir í heimabanka rekstraraðila í ferðapjónustu þar sem innheimta félagsgjalda fyrir árið 2021 fer fram, árgjald fyrir rekstraraðila er 12.500.- kr. Þannig geta núverandi og nýir félagar gengið í félagið með því að greiða valkröfuna. Einstaklingar með lögheimilisfesti eru einnig velkomnir í félagið og greiða hálf gald 6.750.- kr með því að leggja inn á reikning félagsins 0172-26-004404 kt: 430694-2869

Engum dylst lengur hversu mikilvæg ferðapjónusta er fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Nú styttest í



sveitarstjórnarkosningar sem fram fara í vor þar sem mikilvægt er að áherslur um jákvæða uppbyggingu ferðapjónustu verði í forgrunni.

Við erum öll reynslunni ríkari eftir undangengin 2 ár og komum enn sterkari inn með hækkanði sól. Stjórn FASK óskar öllum Austur-Skaftfellingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

*F.h Stjórnar FASK  
Haukur Ingi Einarsson*

## Gleðilega hátíð



# „Okkar mesta mannverk er.“

## Laxá í Nesjum brúuð árið 1910

Fyrsti áratugur tuttugustu aldar einkennist af félagslegri vakningu og margvíslegum framförum í Nesjum. Tvö félög voru stofnuð árið 1907, Málfundafélag Hornfirðinga og Ungmennafélagið Máni. Stóðu þau bæði fyrir öflugum félagsstarfi og gáfu einnig út sitthvort sveitablaðið sem gekk handskrifað bæ frá bæ um sveitina og á Höfn. Málfundafélagið stóð að blaðinu Baldri en Máni að Vísi. Sumarið 1907 var svo Fundarhús Nesjamanna byggt um miðbik

sveitarinnar og var það vígt 29. september 1907. Húsið varð strax vettvangur félagsstarfs og samkomuhalds í sveitinni.

Nú var stutt í tvær mestu framkvæmdir í Nesjum til þessa; byggingu Laxárbrúar 1910 og nýja Bjarnaneskirkju við Laxá 1911. Bæði þessi mannvirki ollu straumhvörfum fyrir íbúa héraðsins og nýttust vel þann tíma sem þau stóðu en entust þó ekki jafn vel og til var ætlast í upphafi. Hér á eftir verður sagt svolítið frá vinnu við brúargerðina við Laxá árið 1910.



Brúin yfir Laxá í Nesjum. Ljósmynd Þorsteinn Þorsteinsson. Ljósmynd í eigu Emils Þorsteinssonar.

1905, sérstaklega stöplagerðina, og var því kunnugri notkun sements en almennt gerðist í sveitinni. Stefán var svo vegavinnuverkstjóri í mörg ár í framhaldi af þessu og tók meðal annars að sér verkstjórn við brúargerð á Ytri-Rangá árið 1912. Þar var einnig Sigurður snikkari.

Á norðurbakka Laxár var slegið upp tjaldbúðum fyrir starfsmenn, bæði brúarsmiði og

vegagerðarmenn sem brátt hófust handa við lagningu vegar frá brúarstæðinu áleiðis að Fundarhúsinu sem stóð á hól skammt innan og ofan við Fornustekka og þaðan lá veglínan að Bjarnanesi. Jón Jónsson frá Flatey stjórnaði vegavinnuflokknum og hafði einnig umsjón með fjárreiðum alls verksins, brúargerð og vegalagningu. Nú var orðið litríkt og fjörlegt mannlíf á bökkum Laxár. Hvell smíðahögg dundu á hverjum degi á þessum kyrrláta stað og í frístundum var glatt á hjalla í hópi verkamanna.

## Þáttur Eymundar í Dilksnesi

Eymundur Jónsson járnsmiður í Dilksnesi, sem var á sjötugasta aldursári þegar hér var komið, var ráðinn til þess að vinna við brúna. Þörf var á vönum járnsmið við verkið en Eymundur hafði lært járnsmiðar í Kaupmannahöfn veturinn 1865-1866. Gekkt Eymundur að heiman að morgni og heim aftur að kvöldi meðan brúarvinnan stóð og fór beina leið yfir flóðkila og fitjar. Hann kom gjarnan berfættur til vinnu því hann hafði farið úr skóm og sokkum á leiðinni. Eymundur setti nú hina færanlegu smiðju sína frá 1868 upp á verkstað við Laxá og smíðaði í henni það sem á þurfti að halda. Tekið var til þess hve mikið starfsþrek Eymundar var en ekki síður kunnur menn að meta glettni hans og gamansemi við vinnufélagana.

Við samsetningu á brúarefninu var notaður hnoðsaumur í stað skrúfbolta. Kom hnoðsaumsefnið með öðru brúarefni með



Þorleifur Jónsson, bóndi, hreppstjóri og alþingismaður í Hólum. Ljósmynd í eigu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.



Eymundur Jónsson járnsmiður í Dilksnesi. Ljósmynd í eigu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

skipi frá Reykjavík. Þurfti hnoðsaumurinn að vera glóandi heitur þegar hann var notaður við samsetninguna. Til þess að bora göt í stálið fyrir hnoðsauminn, en það þurfti að gera við samsetningu allra bita, var notuð forláta þýsk borvél. Borinn í henni þótti tilkomumikill enda gerður úr silfurlönduðu stáli. Harka borsins var svo mikil að hann gekk bæði gegnum stál og stein.

Eymundur í Dilksnesi tók að sér að stjórna borvélinni enda átti hann að hnoða sauminn sem hélt stálstykkjunum saman. Eldaði hann sauminn yfir kolaglóð í smiðju sinni svo hægt væri að hamra járníð heitt þegar hnoðin höfðu verið sett glóandi heit í götin eftir borinn. Til þess að halda

## Fyrstu samgöngubæturnar

Bygging brúar yfir Laxá átti sér talsverðan aðdraganda og kom í rökréttu framhaldi af vegagerð í héraðinu, fyrst frá Hólum út á Höfn, þar sem kominn var vísir að þorpi. Síðar var unnið að vegagerð í áföngum frá Hólum í átt að Bjarnanesi og var vegurinn kominn að Laxá árið 1910 þegar framkvæmdir við brúna hófust.

Þorleifur Jónsson, alþingismaður í Hólum, beitti sér fyrir fjárveitingum í vegagerð og brúarsmiði. Brúin var smíðuð úr stáli í Reykjavík en tekin sundur og flutt með strandferðaskipi til Hornafjarðar. Hafði Þorleifur umsjón með flutningi stálbitanna frá Höfn og að brúarstæðinu við Laxá.

Benedikt Jónasson, nýútskrifaður verkfræðingur og aðstoðarmaður Jóns Þorlákssonar verkfræðings landsins, hafði verið ráðinn til þess að standa fyrir verkinu, stjórna samsetningu brúarinnar og uppsetningu hennar. Hann var því hinn eiginlegi brúarsmiður. Allir aðrir sem komu að brúargerðinni voru heimamenn. Benedikt kom austur þann 20. júní. Þá var brúarefnið komið á staðinn og uppsteypu stöpla beggja megin árinan lokið. Sigurður snikkari Sigurðsson frá Holtaseli sló upp steypumótum en hann hafði lært smiðar í Reykjavík. Var brúin yfir Laxá fyrsta brúarsmiðin sem Sigurður vann við en ekki sú síðasta. Og Stefán Jónsson á Hlíð sá um steypuvinnu. Stefán hafði unnið að vegavinnustörfum í mörg ár, m.a. við byggingu brúar yfir Lagarfjót árið





Þórbergur Þórðarson. Ljósmynd í eigu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

glóðinni í smiðjunni heitri var blásið í hana með sérstökum belg. Þótti mikil þrekauna að knýja smiðjubelginn fyrir járnsmiðinn. Var það gert með handafla og urðu ýmsir samverkamenn Eymundar að hverfa frá því verki vegna erfðisins.

## Þórbergur Þórðarson vegagerðarmaður

Meðal þeirra sem unnu við vegagerð í Nesjum þetta sumar var Þórbergur Þórðarson frá Hala, þá rúmlega títugur. Þórbergur lá við í tjaldi á bökkum Laxár líkt og aðrir vegagerðar- og brúarvinnumenn. Ólíkt þeim sem bjuggu í nágrenninu gat hann ekki skroppið heim að Hala í helgarfrí á laugardagskvöldum og þurfti því að finna sér eitthvað að gera í frítímum sínum í tjaldinu. Eitt af því var að skrasetja veðurfar og viðburði dagsins í dagbók. Föstudaginn 15. júlí hófust dagbókarfærslur Þórbergs með eftirfarandi ásetningi:

*Loksins í dag legg ég grundvöll undir fastri og víðtækari dagbók en ég hefi haldið undanfari tíma. Hún skal skrifuð daglega í bók sem samsvarar þessari eða þá blað sem innfært skal í álíka kompu að kvöldi hverju. Það skiptir engu hvort stök blöð eða bæklingar eru skrifuð með blýant eða bleki.*

*Veðráttan, eins og hún er þennan og þennan daginn, skal fyrst innfærð. Þar má engu haggja. Síðan skal skrifa þá viðburði sem snerta mig eða þá menn sem ég umgengst. Einnig allar athafnir mínar.*

*Síðast skal skrifa fréttir sem berast að, ef þær þykja þess verðar, að þær séu varðveittar frá gleymsku. Þetta verður allt að vera gert með nákvæmni og reglusemi.*

Þórbergur stóð við þessi áform sín og hélt nokkuð ítarlega dagbók um veru sína í Nesjum það sem eftir lifði sumars. Hann lagði þar grunn að þeirri iðju sinni að skrifa daglega um athafnir sínar nær því til æviloka. Um leið var hann ef til vill ósjálfrátt að leggja grunn að glímummi á ritvellingum sem gerði



Tjöld vegavinnumanna sumarið 1910 voru á bökkum Laxár. Þegar ný brú var byggð 1971 risu vinnubúðir þar á ný. Ljósmyndari: Sigurður Þorleifsson á Karlsstöðum.

Ljósmynd í eigu Karls Skírnissonar.

hann síðar að einum merkasta rithöfundum þjóðarinnar.

Þórbergur lýsti Nesjunum svo, mörgum árum síðar:

*Sveitin liggur meðfram Hornafirði að austan og norðan. Sumir bæirnir standa undir hæðum og hólum frammiá forkunnarfögnum nesjum, sem skaga úti fjörðinn, alsettan eyjum og hólum, er vor og sumar mora af syngjandi fugli. Á firðinum sést mikill munur flóðs og fjöru. Um fjöruna fellur vatnið víða út af leirum, sem eru sundurskornar af álum og síkjum. En um flæðar fyllir upp með öllum bökkum og fjörðurinn verður þá á að líta einsog geysimikið stöðuvatn, lyngt og undursamlega fagurt. Þessi mikli munur flóðs og fjöru skapar tilbreytni. Það er einsog allt standi nýskapað með hverju aðfalli, og hér og þar á hinum víða vatnsfleti sjást litlir bátar, sem er róid eða siglt milli bæjanna á nesjunum.*

Þennan fyrsta dag dagbókarinnar skrasetti Þórbergur nöfn þeirra manna sem þá unnu við brúar- og vegagerð í Nesjum. Þeir voru:

Jón Jónsson verkstjóri frá Flatey.  
Eymundur Jónsson járnsmiður í Dilksnesi  
Sigurður Sigurðsson trésmiður frá Holtaseli.  
Sigurður Arngrímsson Höfn.  
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli.  
Bjarni Eiríksson kennari á Höfn.  
Stefán Jónsson á Hlíð.  
Sigurður Sigurðsson söðlasmiður.  
Þórbergur Þórðarson frá Hala.  
Gísli Guðmundsson Höfn.  
Jón Guðmundsson Höfn.  
Sigjón Þorsteinsson Miðskeri.  
Sigjón Sigurðsson Suðurhól.  
Magnús Bjarnason Rauðabergi.  
Gísli Björnsson Meðalfelli.

Auk þessara 15 manna og Benedikts Jónassonar verkfræðings, er vítað um nokkra fleiri verkamenn, þeirra á meðal Ásgeir Guðmundsson frá Þinganesi, þá 16 ára.

Þennan dag, 15. júlí, var lokið við að bora öll göt á hið svipmikla, bogalaga járnhandrið

nýju brúarinnar yfir Laxá og byrjað að vinna við brúargólfid, sem var úr tréplönkum. Þá var jafnframt unnið við veginn og ekið mól í hann með hestavögnum.

## Samstarf Eymundar og Þórbergs

En aftur að smiðju Eymundar í Dilksnesi. Eftir að ýmsir höfðu reynt sig við handknúinn smiðjubelg Eymundar var Þórbergur nú fenginn til verksins. Hann hafði ekki orð á sér að vera sérstaklega afkastamikill eða áhugasamur við vinnu og var jafnvel sagður ólaginn við ýmislegt. Þórbergur reyndist hins vegar vel góður í þessu verkefni og stóð daglangt við smiðju Eymundar og knúði smiðjubelginn án afláts. Vel fór á með þeim Eymundi enda báðir hugmyndaríkir og uppáttasamir. Hrósaði Eymundur Þórbergi fyrir dugnað og iðjusemi en var grunlaus um að í honum leyndist efni í einn mesta meistara ritsnilldar sem Ísland hefur alið. Löngu síðar var haft eftir Þórbergi að honum hafi líkað kynnin af Eymundi, því hann var „svo assgoti skemmtilegur“. Haft var á orði á vinnustaðnum á bökkum Laxár að ýmislegt sem fékk að fjúka milli þeirra samstarfsmannanna við smiðjuna þætti ekki prenthæft. Voru það jafnt kvíðlingar sem önnur spakmæli.

Í gamanljóði sem Eymundur orti um samstarfsmenn sína, brúarsmiðina, segir meðal annars um Þórberg:

*Þórberg nefni ég þrekin mann  
þróttar-sterkan, laginn,  
smiðjubelginn blása vann  
bara allan daginn.*

*Hans var máttug hönd og sterk,  
hann við jafnast enginn,  
fáir þöndu þetta verk  
þar til hann var fenginn.*

## Rómantískasta sveitin

Sagt var að Þórbergur hafi orðið ástfanginn af bráðfallegru heimasætu í Nesjum þetta sumar. Hann sagði raunar sjálfur löngu seinna að Nesin væru trúlega „fegursta og rómantískasta sveit á Íslandi.“ Hann

skrifaðist á við aðra vinstúlku í Reykjavík og sagði henni frá dvölinni eystra: „Mér líður allvel - er altaf við þetta sama. Ferðast lítið, en held oftast kyrru fyrir. Þó hefi ég nú upp á síðkastið stjakað hér á næstu bæ; en það hefi ég gert af veikum mætti og með miklum þjáningum.“ Ekki voru Nesjamenn ógestrisnir við Þórberg því honum hafði verið boðið í nokkrar sláttuveislur „og hefir það fengið mér mikla gleði. Fólkið hefir verið spilandi skemmtilegt og svo hefi eg fengið fyrirtaks bakninga með kaffinu; og blessaður maturinn er mér fyrir öllu öðru.“ Sláttuveislur voru tíðkaðar í Nesjum og var

## Þýski borinn bilar

Þýski borinn reyndist vel til að byrja með. Þegar brúarsmiðin stóð sem hæst brást hann þó og hrökk í sundur. Nú voru góð ráð dýr, Benedikt brúarsmið óaði við því að þurfa að senda menn á hestum alla leið til Reykjavíkur, kaupa þar nýjan bor ef slíkur fengist, og koma svo sömu leið til baka. Fyrirsjáanleg var nokkurra vikna töf á verkinu. En Eymundur í Dilksnesi dó ekki ráðalaus og sýndi í verki þær smíðalístir sem hann hafði numið í Kaupmannahöfn fyrir 55 árum og iðkað og betrubætt æ síðan. Hann gekk



Sögusviðið séð frá Borgum. Laxá í forgrunni, Meðalfell í baksýn. Laxárbrú, byggð 1910, fyrir miðri mynd. Bjarnaneskirkja við Laxá, byggð 1911, til vinstri. Myndina tók þýskur blaðaljósmyndari sem dvaldi um tíma í Borgum og tók þar margar myndir. Ljósmynd í eigu Karls Skírnissonar.

venjan sú að vinnufólk og eftir atvikum börn bænda fengu að heyja handa hestum sínum eina dagstund. Hestarnir voru að öðru leyti í högum hjá húsbændum eða foreldrum. Að heyskapnum loknum var slegið upp veislu fyrir þá sem hjálpuðu til.

Annað var ekki fréttæmt nema að Þórbergi var farið að langa að freista gæfunnar í Ameríku og vinna þar fyrir sér sem smiður. Hver veit nema honum hafi þótt frásagnir Eymundar af Kanadadvöl sinni á árunum 1902-1907 svona heillandi. Löngu síðar varð heimamanni að orði að áhugavert væri að hugsa til þess að þetta sumar hafi tveir snillingar unnið saman; „tvö mestu skáld sem Skaftafellssýsla hefur alið.“ Þórbergur átti að mestu eftir að sanna sig á bókmenntasviðinu en skáldadísir höfðu verið samferða Eymundi í Dilksnesi um langa ævi. Nokkrum árum síðar orti Þórbergur um kynni sín af Nesjunum og bar þá dvöl saman við veruna á Siglufirði tveimur árum síðar:

*Í Nesjunum grænar grundir  
gróa við lyngnan straum,  
og ljósálfar bjartir leiðast  
um landið í sólarraum.*

...

*Við Siglufförð saurugur lýður  
svallar og öslar slor. –  
Þeir berjast og bitast og hrækja  
og byltast í hlandi og for.*

til smíðu sinnar og munaði ekki um að smíða nýjan bor, sem reyndist enginn eftirbátur þess þýska. Og því gat verkið haldið áfram. Skömmu síðar þraut hnoðsauminn og nú var ekki komist hjá talsverðum töfum á brúarsmiðinni meðan beðið var eftir nýjum saum.

Brúarsmiðin gekk annars vel um sumarið þrátt fyrir misjöfn veður. Brúarvígslan var ákveðin í september.

Þriðjudaginn 9. ágúst hófu nokkrir verkamannanna að æfa söng fyrir

væntanlega brúarvígslu að frumkvæði Jóns Jónssonar verkstjóra. Söngæfingarnar voru nær daglega eftir þetta og fóru yfirleitt fram í stofunni í Hólum undir stjórn séra Benedikts Eyjólfssonar í Bjarnanesi. Þórbergur mætti aðeins á fyrstu æfinguna en eftir það notaði hann ýmsar afsakanir fyrir því að þurfa ekki að mæta. Á meðal vinnufélaga hans sem æfðu í söngflokknum voru Jón frá Flatey, Jón Guðmundsson, Stefán á Hlíð og Sigurður Arngrimsson. Ýmsir aðrir lagvissir Nesjamenn voru einnig kallaðir til þess að taka þátt í söngnum og æfði sönghópurinn nokkur lög. Milli æfinga var mönnum sett fyrir að æfa sína rödd og því er líklegt að sungið hafi verið tví- eða fjórraðað.

Áfram var unnið við vegagerðina og frágang kringum brúarstæðið og 10. og 11. ágúst var lokið við að festa niður sjálft brúargólfíð. Stefán á Hlíð þússaði steiptu brúarstöplana undir brúnni. Þar kom að hann vantaði meira sement og það hann Þórberg þá að fara fyrir sig út á Höfn til þess að sækja meira. Þetta var á föstudegi, 12. ágúst og var kaupstaðarferðin vel þegin tilbreyting fyrir Þórberg. Hann notaði tækifærið og keypti sér bækur í búðinni hjá Þórhalli Daníelssyni kaupmanni, þáði kaffi hjá Guðmundi söðlasmið Sigurðssyni og Gíslu, sonur Guðmundar og vinnufélagi Þórbergs, bauð upp á „dálítið af vini“ sem endaði með því að þeir urðu „talsvert kenndir.“ Þetta kom þó ekki í veg fyrir að Þórbergur lyki vinnuskyldum sínum. Hann komst með

sementið að Laxá undir kvöldmat og tók svo þátt í að mála brúna það sem eftir lifði dags, eða eins og segir í dagbókinni: „málaði brúna brúna.“

Í lok ágúst hafði sönghópurinn æft svo vel að tími var kominn til þess að prófa að koma fram, „að performera.“ Að loknum vinnudegi mánudaginn 29. ágúst var því haldin opin æfing í Fundarhúsinu fyrir þá verkamenn sem ekki sungu og fáeina aðra útvalda. Sungin voru þau lög sem best voru æfð og var gerður góður rómur að flutningum. Að því búnu stóð Þórbergur Þórðarson upp og flutti minni sönghópsins að beiðni Jóns verkstjóra. Bar ræðan yfirskriftina „Sér grefur gröf þótt grafi“ og gerði Þórbergur óspart grín að sjálfum sér fyrir mishæppnaða þátttöku sína í söngæfingunum.

## Brúarvígslan

Loks sá fyrir endann á þessu mikla verkefni, byggingu brúar yfir Laxá og lagningu vegar frá henni og áleiðis inn að Bjarnanesi. Laugardaginn 10. september sváfu verkamennirnir í Fundarhúsinu því tjöldin þeirra við Laxá höfðu verið tekin undir veisluföng og annan búnað fyrir brúarvígsluna. Lokaæfing sönghópsins fór einnig fram í Fundarhúsinu um kvöldið. Þennan sama dag var hafist handa við að skreyta brúna hátt og lágt og unnið fram á kvöld við það.

Sunnudagurinn 11. september rann upp bjartur og fagur en SV andvari kom undir hádegið. Verkamenn hófust aftur handa klukkan sjö um morguninn og höfðu lokið við að skreyta nýja brúarmannvirkið um klukkan hálf tíu. Þá fóru þeir í Fundarhúsið til þess að hafa fataskipti áður en athöfnin hófst.

Utan við brúna, sunnan hennar, hafði verið útbúið hátíðarsvæði, settur upp ræðustóll og trúlega reist samkomutjald. Tjaldbúðir verkamannanna, eða það sem eftir stóð af þeim á norðurbakkanum, nýttust einnig við hátíðarhöldin.

Á hádegi hófst brúarvígsluathöfnin með því að sönghópurinn söng „Þú álfa vorrar yngsta land“ eftir Hannes Hafstein við lag Sigfúsar Einarssonar en fyrsta erindi þess hljóðar svo:

*Þú álfa vorrar yngsta land,  
vort eigið land, vort fósturland!  
Sem framgjarns unglings höfuð hátt  
þín hefjast fjöll við ölduslátt.  
Þótt þjaki böl með þungum hramm,  
þrátt fyrir allt þú skalt, þú skalt samt fram.*

Þá tók Þorleifur Jónsson alþingismaður til máls úr ræðustólnum. Ræða hans var löng og þótti nokkuð skörugleg. Þorleifur sagði í upphafi máls að brúin sem blasti hér við, væri „mesta og veglegasta“ mannvirki sem gert hefði verið í Austur-Skaftafellssýslu. Síðar í ræðunni sagði hann meðal annars:

*Þetta er hátíðisdagur sýslubúa. Nú á að afhenda sem fullgjört fyrsta mannvirkið sem gjört hefir verið á kostnað landssjóðs hér í sýslu. Það er eðlilegt að menn safnist hér saman, til að skoða þetta trausta mannvirki, og það er eðlilegt, að sýslubúar*

*verði gláðir í anda, og hugsí sem svo: Jæja, ekki erum við með öllu gleymdir.*

Nokkuð fjölmenni var við þessa hátíðlegu athöfn. Að lokinni vígsluræðu alþingismannsins var sungið kvæði eftir Sigurð Arngrímsson, einn brúargerðarmannanna. Þá flutti Eymundur Jónsson frumsamið ljóð til brúarinnar sem hófst á þessu erindi:

*Okkar mesta mannverk hér  
mönnum fyrir sjónir ber,  
það er brúin breið og há  
sem byggð er yfir þessa á,  
hún er traust og harla góð  
til heiðurs hverri menntaþjóð  
fætur eru steyptur steinn  
úr stáli gerður sérhver teinn.*

Síðar í ljóðinu spáði Eymundur því að brúin myndi líklega standa í margar aldir, svo rammger væri hún. Að ræðuhöldum loknum gengu vígslugestir í sameiginlegri fylkingu, nokkurs konar skruðgöngu, yfir brúna. Söngflokkur brúarvinnumanna var í fararbroddi en fremstur fór þó yfirsmiðurinn, Jón Jónsson frá Flatey og hélt hann á bláhvíta fánanum á lítilli stöng. Einar Benediktsson skáld hafði lengi barist fyrir því að slíkur fáni yrði gerður að þjóðfána Íslendinga og ungmennafélög og fleiri tóku undir þá hugmynd. Á leið yfir brúna var sungið var kvæði Einars „Til fánans“, við lag Sigfúsar Einarssonar, en fyrsta erindið hljóðar svo:

*Rís þú, unga Íslands merki,  
upp með þúsund radda brag.  
Tengdu í oss að einu verki  
anda, kraft og hjartalag.  
Rís þú Íslands stóri, sterki  
stofn með nýjan frægðardag.*

Framarlega í hópnunum sem gekk yfir brúna voru nokkrir ríðandi menn, enda litu flestir svo á að nýja mannvirkid þjónaði helst þeim sem voru á hestbaki. Þar fór fyrstur Guðmundur bóndi Jónsson í Hoffelli. Hann átti bleikan hest. Síðan kom Benedikt Kristjánsson bóndi í Einholti. Hann reið á sótrauðum hesti. Á eftir þeim kom allur fjöldinn.

Þegar komið var yfir brúna var sungið kvæði Steingríms Thorsteinssonar, „Háfjöllin“. Það hefst á þessu erindi:

*Þú, bláfjalla geimur með heiðjökklahring,  
um hásumar flý ég þér að hjarta.  
Ó, tak mig í faðm, minn söknuð burt ég  
syng  
um sumarkvöld við álfvatnið bjarta.*

Þórarinn Sigurðsson oddviti og sóknarnefndarformaður í Stóruhlög sagði nú nokkur orð og svo var sungið meira. Eftir stutt hlé hélt dagskráin svo áfram. Þá var röðin aftur komin að Þorleifi í Hólum sem mælti fyrir minni Skaftafellssýslu. Og enn var sungið. Þá tók Eymundur Jónsson í Dilksnesi til máls og mælti fyrir minni sveitarinnar. Að því loknu var annað kvæði Eymundar um brúna og sveitina sungið. Fyrsta erindi þess hljóðar svo:

*Stattu bjargtraust brúa val  
byggðinni til gagns og sóma!  
Meðan foss úr fjalladal*



*Bjarnaneskirkja og brúin yfir Laxá á sjöunda áratug 20. aldar. Bifreið (Skoda 1202) á norðurleið yfir brúna. Ljósmyndari Hannes Pálsson. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.*

*fellur niður í gljúfrasal,  
meðan ungmey unnir hal  
æskunnar í fögrum blóma.  
Stattu bjargtraust brúa val  
byggðinni til gagns og sóma.*

Ekki er ólíklegt að séra Benedikt Eyjólfsson í Bjarnanesi hafi flutt blessunarorð við brúarvígsluna þótt þess sé ekki getið í heimildum. Að þessu loknu voru bornar fram veitingar í tjöldum vegavinnumannanna á bökkum Laxár en þær voru framreiddar af Guðna Jónssyni vert á Hótel Heklu á Hófn og hans fólki. Og svo hélt söngurinn áfram, fluttar fleiri ræður og Eymundur flutti söngflokknum sérstakar þakkir í bundnu máli, en í gamansömun tón þó. Ýmislegt bendir til þess að sönghópurinn hafi verði nefndur Svanir. Í ljóði Eymundar var þetta erindi:

*Svanir með söngróddu hreinni  
syngja af fuglunum hæst  
en svannarödd ann ég þó einni  
því englasöng gengur hún næst.*

Svannarödd sú (svanni er kona í skáldamáli) sem Eymundur unni svo heitt var væntanlega rödd Halldóru Stefánsdóttur eiginkonu hans en Eymundur þar hana á höndum sér allan þeirra langa búskap.

En Eymundur lét ekki þar við sitja að gera þennan atburð ógleymanlegan. Hann söng nú loks brag eða gamanvísur sem hann hafði samið um brúarsmiðina og eru áður nefndu erindin um Þórberg í þeim brag. Vísurnar í bragnum um smiðina voru 34 að tölum.

Nú var haldið að fundarhúsi sveitarinnar. Veitingarnar voru fluttar þangað líka. Þar hófst dagskráin á glímukeppni ungra manna þar sem Sigurður snikkari varð hlutskarpastur. Og þegar almennir vígslugestir fóru að tínast heim á leið síðdegis hóf nokkur hópur karla og kvenna að dansa í Fundarhúsinu og var dansað til klukkan ellefu um kvöldið. Þá loks héldu allir gestir heim nema vegagerðamennirnir sem

fengu sér þá vintár að drekka og skemmtu sér áfram til kl. hálfimm um morguninn að þeir lögðust til hvílu. Veður var stillt og gott þennan septemberdag og íbúar sveitarinnar voru ánægðir með hina miklu samgöngubót.

## Mikilvægt samgöngumannvirki í 60 ár

Næstu dagar fóru í það að ganga frá öllum lausum endum á vinnustaðnum. Það var farið að snjóa í Nesjafjöllin og ekki eftir neinu að bíða með að ljúka sumarvinnunni. Formleg verklok sumarsins voru 17. september og var ekki seinni vænna því þá um nóttina gerði svo mikinn storm að vegagerðamennirnir treystu sér ekki til að liggja í tjöldum sínum og fengu því allir gistingu heima á Fornustekkm hjá Sigjóni Péturssyni og Ingibjörgu Gísladóttur. Þetta síðasta kvöld var sungið frameftir og daginn eftir kvöldust menn eftir viðburðaríkt sumar í Nesjum. Þórbergur Þórðarson sagði löngu síðar að þetta sumar hefði grunntönn Nesjanna, mótaður af hinu fagra landslagi, gróid inn í sig.

Laxárbrú var 22 metra löng á fjögurra metra háum stöplum. Þótt vaxið geti í Laxá í leysingum og úrkomu gerðist það ekki fyrr en aldarfjórðungi síðar að vatnsmagn árinna varð svo mikið að henni stóð einhver hættu af. Það var aðfaranótt 16. september 1936 í miklu óveðri sem þá gekk yfir landið. Þetta var sama dag og franska rannsóknarskipið Pourquoi-Pas? fór undan Mýrum. Laxárbrúin stóðst álagið en vatnið náði upp á brúargólfið og hafði runnið yfir veginn norðan við brúna.

Brúin yfir Laxá var fyrsta alvöru brúarmannvirki í Austur-Skaftafellssýslu og markaði þáttaskil í samgöngumálum héraðsins. Hún var hugsuð fyrir hestumferð og átti að hvetja bændur til þess að taka hestakerrur í auknum mæli í þjónustu sína. Fyrsti bill sem kom í sýsluna var keyptur í Nesin árið 1925. Fljótlega þjónaði brúin því einnig vélknúnum farartækjum og gerði allt til ársins 1971 að ný einbreið brú var byggð

á Laxá. Gamla Laxárbrúin var þá tekin niður. Hún hafði þjónaði vegfarendum í yfir 60 ár, á skeiði mestu breytinga í samgöngum þjóðarinnar frá upphafi byggðar. Steinsteypa hafði ekki verið notuð mikið í Austur-Skaftafellssýslu fram að þessu og hugsanlega voru stöplarnir undir Laxárbrú fyrstu alvöru steinsteypu mannvirkin í sýslunni. Núverandi brú á Laxá er tvíbreið og var byggð 1995.

Þeir sem stóðu að brúargerðinni höfðu óbilandi trú á mannvirkinu. Benedikt Jónasson verkfræðingur sagðist telja að brúin væri svo sterk að hún þyldi að járnbrautarlestir ækju yfir hana. Og Þorleifur í Hólum hafði eftir Eymundi járnsmið í Dilksnesi „að með lélegu viðhaldi, væri hún viss með að endast í 500 ár, en alltaf 1000 árum með ágætri þösson.“

Á næsta ári, 1911, reis vegleg steinkirkja á bökkum Laxár. Það er efni í aðra sögu.

Samantekt þessi er hluti af rannsókn sem unnið er að á vegum Þórbergssæturs á ævi Eymundar Jónssonar og Halldóru Stefánsdóttur í Dilksnesi. Inn í það verkefni fléttast margvísleg viðfangsefni, persónur og atburðir á 19. og 20. öld, aðallega í Nesjum. Stefnt er að því að gera þessa þætti alla aðgengilega í samfelldri frásögn þegar þar að kemur. Allar frekari upplýsingar um gömlu Laxárbrúna og margt annað sem bar við í Nesjum á fyrri tíð eru vel þegnar, ekki síst ljósmyndir. Auk dagbókar Þórbergs Þórðarsonar er notast við fjölda þreptaðra og óprentaðra heimilda í ofangreindum texta. Þeirra verður allra rækilega getið í endanlegri útgáfu.

Gísli Sverrir Arnason



„Sumir bæirnir standa undir hæðum og hólum frammíá forkunnarfögurum nesjum, sem skaga úti fjörðinn... og hér og þar á hinum víða vatnsfleti sjást litlir bátar, sem er róid eða siglt milli bæjanna á nesjunum.“ Þetta málverk eftir Höskuld Björnsson frá Dilksnesi á vel við lýsingu Þórbergs þó ekki sé alveg víst að myndefnið sé úr Nesjum. Hughrifin hafa í það minnsta verið hin sömu hjá þessum tveimur listamönnum. Málverkið er í eigu Lovísu Óskarsdóttur.

Kæru ættingar og vinir. Sendum okkar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir árið sem er að líða.

Hátíðarkveðjur

Sigurður og Jóhanna, Stóruhálg



Sendum ættingjum og vinum innilegar jóla og nýárskveðjur með þökk fyrir það líðna

Steinunn og Magnús

Kirkjubraut 48



Bestu óskir um Gledileg jól og farsæld á komandi ári, með þökk fyrir það líðna.

Reynir og Svandís

Vesturbraut 21, Höfn



Skólameistari – nemendur – kennarar og starfsfólk FAS.

Bestu jóla- og nýársóskir. Þakka líðið ár

Sólarkveðja frá Spáni

Dísa eldabuska



Sendum okkar bestu óskir um gledileg jól og farsæld á komandi ári.

Þökk fyrir viðskiptin og samstarfið

á árinu sem er að líða

Hjálmar og Einar sjúkráþjálfarar



Kæru Austur Skaftellingar  
Bestu óskir um gledileg jól og þakkar fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Björk og Anna Lilja



Björk bókarí

Sendum vinum og ættingjum  
innilegar jóla- og nýárskveðjur.

Þökkum hlýhug á árinu.

Guðni Karls og fjölskylda



Kæru ættingjar og vinir

Bestu óskir um gleðileg jól, gott og heillaríkt komandi ár.  
Kærar þakkið fyrir auðsýndan hlýhug á árinu sem er að líða.



Kærar kveðjur

Lóa í Hjarðarnesi og fjölskylda

Sendi mínar bestu jóla- og nýárskveðjur  
til vina og vandamanna.

Þakka líðin ár

Gunnar Ásgeirsson



Kæru ættingjar og vinir.  
Ég sendi ykkur öllum hugheilar óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári með kærri þökk fyrir allar góðar samverustundir frá líðnum árum.  
Ásta Karlsdóttir frá Sunnuhvoli



Sendum íbúum á  
Suðausturlandi  
bestu jóla og  
nýárskveðjur



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

Óska vinum og ættingjum gleðilegra jóla og farsæls nýárs með þökk fyrir árið sem er að líða.  
Sérstakar kveðjur og þakkið fá vinir mínir sem aðstoðuðu og hjálpuðu mér við smalamennsku í haust.

Unnsteinn í Hvammi



Sendi sýslubúum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.  
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Dr. með vet.

Janine Arens dýralæknir



Óskum ættingjum og vinum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Þökkum árið sem er að líða

Bogga og Mummi



Gleðileg jól til þín sem er aunt um náttúruna



Hollvinir Hornafjarðar

## “Hlaða batteriín og njóta útsýnisins í Hornafirði”

Steinunn Egilsdóttir og Tryggvi Scheving Thorsteinsson fluttu til Hornafjarðar í haust ásamt tveimur yngri börnum sínum og lék ritstjóra forvitni á að heyra frá þeim og kynnast þeim aðeins betur.

Steinunn og Tryggvi eiga fjögur börn. Tvö elstu, Berglind Erna, 28 ára og Vésteinn, 26 ára, búa á vesturhorninu þar sem Berglind hefur lokið myndlistarnámi og nemur nú ritlist við Háskóla Íslands. Vésteinn lauk sjávarútvegsfræði frá Háskólanum á Akureyri í vor og vinnur nú í þörungaverksmiðjunni á Reykhólum. Tvö yngri börn Steinunnar og Tryggva eru Halldór Kossi Ange, 9 ára og Tita María Flicité, 8 ára, sem nýverið fékk nafn ömmu sinnar, Huldu bætt við og er því einnig kölluð Hulda María.

Systkinin Kossi og Tita María eru bæði ættuð frá Tógó í Afríku sem er fyrrverandi frönsk nýlenda á vesturströndinni og er með minnstu löndum í álfunni, um helmingi minna að flatarmáli en Ísland. Það er líka meðal fátækustu landa álfunnar þrátt fyrir að vera ríkt af t.d. kakóbaunum, kaffi og fosfati. Þrátt fyrir að systkinin komi frá sama svæðinu, höfuðborginni Lomé og vera nálægt í aldri voru þau ekki systkini fyrr en þau voru ættleidd af þeim Steinunni og Tryggva til Íslands. Þau hjónin segja ástæðu þess að þau hafi ákveðið að ættleidda börn sé sú að svo mikið er til af foreldralausum börnum í heiminum að það væri eðlilegt að ganga einhverjum þeirra í foreldrastráð þar sem þau höfðu tækifæri til. Halldór Kossi var rúmlega tveggja ára þegar þau sóttu hann til Tógó haustið 2014. Hann var á barnaheimili sem rekið var af nunnum í höfuðborginni og hafði verið þar alla tíð. Berglind og Vésteinn fóru með foreldrum sínum til að sækja hann og þótt þau væru búin að ferðast víða þegar þetta var, segja Steinunn og Tryggvi það óhætt að fullyrða að þau hafi orðið fyrir menningarsjokki þarna sunnan Sahara.

Fyrir ári síðan sóttu þau síðan Titu Maríu til Afríku sem þá var að verða 8 ára. Hún bjó á litlu einkareknu barnaheimili í höfuðborginni og þekkti ekkert annað en dvölinu þar. Halldór Kossi fór með að sækja hana og gafst langþráð tækifæri til að berja upprunaland sitt augum. Honum fannst það gaman en fór samt ekki í neitt “nostalgíukast” eins og hann orðar það sjálfur. Það var auðvitað erfiðara fyrir Titu Maríu svona stálpaða að yfirgefa allt sem hún þekkti, þar með talið móðurmálið sitt sem er svo stór hluti af sjálfsmyndinni, en hún hefur verið býsna dugleg.

Í vor ákváðu þau fjölskyldan að breyta til og prófa að búa úti á landi í vetur. Þau höfðu ekki prófað það áður, nema þá Steinunn og Tryggvi sem ungir krakkar í sveit eins og flestir gerðu á sínum tíma sem eru á þeirra aldri. Þau ákváðu hins vegar að fara með opnum huga og fyrsta skrefið var að fara um landið og skoða hvaða möguleikar væru í boði. Steinunn og Kossi ákváðu að leigja lítinn ferðabíl og leggja í fimm daga ferð hringinn í kringum landið til að taka púlsinn á helstu stöðunum á meðan Tita María og Tryggvi



Steinunn og Tryggvi ásamt börnum sínum Halldóri, Titu Maríu, Berglinni og Vésteini

voru heima í Reykjavík að styrkja böndin.

“Ég segi til gamans að þeir aðilar beri ábyrgð á að við lentum hér. Það eru Jóhanna á Kaffi Horninu, Þorri í Nýheimum og leigusalar okkar, eigendur gamla prestsetursins í Bjarnanesi.” segir Steinunn. “En öllu gamni fylgir nokkur alvara og það er tilfellið að þegar við mæðginin áttum hér leið um á campernum tók hún svo hlýlega á móti okkur vertinn á Kaffihorninu að við ákváðum að skoða staðinn betur. Þegar við komum svo aftur í júní öll fjögur saman til að kanna staðhætti fengum við ekki síður alúðlegar móttökur hjá bláókunnugum manni í Nýheimum, Þorvarði Árnasyni. Hann sýndi okkur þar í hvern krók og kima, kynnti okkur fyrir manni og mús og lagði m.a.s. lykkju á leið sína til að reyna að útvega okkur húsnæði”. Þannig endaði fjölskyldan á Höfn, þrátt fyrir að hafa hér engin tengsl nema að þekkja til eins íbúa.

Steinunn og Tryggvi hafa að hluta til verið í fæðingarorlofi síðan þau komu hér, í tengslum við ættleiðinguna á Titu Maríu. En þau eru snúast í ymsku öðru og er Tryggvi nú að vinna hjá verkfræðistofunni Mannviti í fjarvinnu ásamt því að vera að bauka við að ljúka MS-ritgerð í tölvunarfræðum þegar færi gefst. Steinunn er menntaskólakennari í leyfi og notar tækifærið til að vera í fjarnámi í Hagnýtri menningarmiðlun við HÍ. Auk þess (og ekki síður) er hluti ástæðunnar fyrir flutningunum að hlaða batteriín og njóta útsýnisins í Hornafirði, með fullri virðingu fyrir Esjunni! Steinunn og Tryggvi hafa einnig tekið þátt í tónlistarlífinu þar sem hún er í kvennakórnum og hann lúðrasveit Hornafjarðar.

Þar sem jólin eru að nálgast þá voru þau spurð hvort þau hefðu sérstakar jólahæðir. Þau segjast vera vön að skera lafabrauð og eiga því bæði að venjast að borða rjúpur

á jólinum. “Það lítur ekki vel út með það nú þar sem Tryggvi komst bara einn dag á skytteri og sá ekki svo mikið sem fjöður inni í Lóni” segir Steinunn. Hún bættir við að þau huggi sig við að þau eigi von á heimareyktu hangilæri frá nágrönnum sínum í Bjarnanesi. “Það höfum við ekki fengið síðan afabróðir minn í Suður Þingeyjarsýslu kvaddi þessa jarðvist. Þar að auki lumum við á afar spennandi geitakjötsrúllu með trönuberjum frá geitabóndanum á Háhóli svo það má gera ráð fyrir að við horföllum ekki um jólin hvað sem rjúpnaleysinu líður”.

Þau segja að í fjölskyldunni tíðkist að borða baunakássu með jólamatnum, bæði rjúpunum og hangikjötinu. “Grænar Ora baunir komast ekki með tærnar þar sem sá réttur hefur hælana”. Uppskriftin er frá fyrrnefndri Huldu, ömmu Steinunnar, og hljóðar svona: Þurrkaðar grænar baunir eru soðnar í mauti í vatni með grænmetisteningi. Þegar þær eru soðnar er skellt vel af smjöri út í, það stappað saman við og voila! Baunakássa að hætti ömmu. Hulda dó fyrir tíu árum og síðan þá er fastur líður á Þorláksmessu að fjölskyldumeðlimir hringist á í paníkastandi yfir því að finna hvergi þurrkaðar grænar baunir. „Ert þú búin að kaupa baunir? Hvar fékkstu þær?! Ég er búin að leita út um allt...” Steinunn hefur grun um að þær séu ekki lengur fluttar inn svo ef einhver lumar á pakka segir hún hann vel þeginn, þær hafi langan geymslufrest svo dagsetningin er aukaatriði.

Eystrahorn þakkar Steinunni og Tryggva fyrir spjallið og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni.

*Skinney - Þinganes óskar  
starfsfólki sínu, viðskiptavinum  
og Hornfirðingum öllum  
gleðilegra jóla og þakkar  
samstarfið á liðnu ári*



Skinney - Þinganes hf

Ættingjar og vinir um land allt.

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Innilegt þakklæti fyrir allt gott á liðnum árum.



Heimilisfólkið  
Stapa

## HSU á Hornafirði bærust á dögnum veglegar gjafir



Klukkan er mikil listasmíð

Ragnar Imsland færði okkur listafallega útskorna klukku sem prýðir nú og gleður þá sem koma á biðstofu heilsugæslunnar. Einnig hafa Hirðingjarnir stutt dyggilega við starfsemi hennar og hafa fært okkur bæði tæki og búnað.

Nú barst okkur m.a frá þeim lítið ferðaómtæki sem nýttist sérstaklega vel í bráða aðstæðum hvort sem er á heilsugæslunni eða utan hennar.

Við þökkum bæði Ragnari Imsland og þeim frábæru konum sem standa að baki við Hirðingjunum hjartanlega vel fyrir okkur.

Kær jólakveðja starfsfólk HSU



Ómtækið



Þessar dugmiklu konur standa að Hirðingjunum

Óska viðskiptavinum og Hornfirðingum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Þakka viðskiptin á árinu sem er að líða

**RH-LAGNIR**  
PIPULAGNAVERKTAKI

Óskum öllum A-Skaftfellingum gleðilegra jóla og farsælt komandi ár  
Króm og hvítt ehf.



**HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS ?**

Hlustaðu á þættina á  
[www.eystrahorn.is/hladvarp](http://www.eystrahorn.is/hladvarp)  
eða á Spotify



Óskum viðskiptavinum og Hornfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.  
Ögmund ehf.





Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Deiliskipulag þjónustusvæðis í Skaftafelli - Lýsing

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir lýsingu fyrir heildarendurskoðun á deiliskipulagi þjónustusvæðis í Skaftafelli samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skaftafell er einn af mest sóttu viðkomustöðum á landinu enda rómaður fyrir náttúrufergurð. Skaftafell er hins vegar undir töluverðu álagi og nálægt þölmörkum á helsta móttökusvæði og víða á gönguleiðum. Einnig er ljóst að fyrirbyggjandi skipulag hentar ekki til uppbyggingar að óbreyttu m.a þar sem fyrirhuguð staðsetning þjónustuhúss mun skyggja á fjallasýn til austurs og norðausturs.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur áhuga á því að byggja upp í Skaftafelli af miklum metnaði og skipuleggja aðstöðu af virðingu fyrir þeirri einstöku náttúru og menningarsögu sem þar er. Mikilvægt er að styðja við þá upplifun sem þarna er og styrkja. Þróa þarf móttökusvæði fyrir gesti í kringum gestastofu en einnig þarf að horfa til Skaftafellssvæðisins í heild, Morsárdals, Bæjarstaðarskógar og upplandsins upp af Skaftafellsheiði - útivistarmöguleikum og göngustígum. Skaftafell á að verða einn af fyrirmyndar áfangastöðum á landinu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með 16. desember nk. til **16. janúar 2022**. Tillöguna má einnig nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir Skipulag í kynningu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til 16. janúar 2022. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is).

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagið Hornafjörður*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Deiliskipulag Hornafjarðar- hafnar við Ósland - Lýsing

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir lýsingu fyrir heildarendurskoðun á deiliskipulagi Hornafjarðarhafnar við Ósland samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhugað er að gera breytingar á gildandi deiliskipulagi Hornafjarðarhafnar við Ósland. Breytingarnar eru sumar sértækar og ná til einstakra lóða en einnig þarf að gera breytingar á almennum skilmálum sem ná til alls svæðisins. Þar sem fyrirhugaðar breytingar eru talsvert margar var sú ákvörðun tekin að taka deiliskipulagið til endurskoðunar í heild sinni. Gildandi deiliskipulag, dags. 03.09.2015, fellur úr gildi við samþykkt nýs deiliskipulags. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að tryggja skilvirka nýtingu og markvissa uppbyggingu á hafnarsvæðinu. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á hafnarsvæðinu, s.s. á hafnarkanti Óslandsbryggju, legu smábátahafnar og tilfærslu á götum sem verða endurskoðaðar m.t.t. til breyttra áherslna sveitarfélagsins og þarfa hafnarinnar.

Lýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með 16. desember nk. til 16. janúar 2022. Lýsinguna má einnig nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir Skipulag í kynningu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu til **16. janúar 2022**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is).

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagið Hornafjörður*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

*Kæru ættingjar og vinir. Sendum ykkur öllum  
hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þökkum fyrir  
líðna tíð.*

*Pálína og Sævar Kristinn, Miðskeri.*



# K R A K K A H O R N I Ö

## VIÐTÖL



### Theódór Árni

**Theódór Árni Stefánsson** er tíu ára strákur í fimmta bekk. Hann hefur búið hér síðan hann var tveggja ára eða í heil átta ár. Hann heldur upp á jólin og fær í skóinn. Uppáhalds jólasveinninn hans er Stúfur því hann er svo lítill. Uppáhalds jólamaturinn hans er pizza. Hann hefur aldrei fengið kartöflu í skóinn og vill stórt lego sett í jólagjöf. Hann horfir á jóladagatalið í ár og finnst það bara skemmtilegt. Hann veit ekki hver uppáhalds jólamyndin hans er.



### Sólrún Freyja

**Sólrún Freyja Traustadóttir** er 8 ára stúlka í þriðja bekk. Hún hefur búið á Höfn í Hornafirði síðan hún fæddist. Hún heldur upp á jólin og uppáhalds jólasveinninn hennar er Gluggagægir vegna þess að hún lék hann í leikriti í leikskóla. Hún fær í skóinn, hún hefur samt því miður fengið kartöflu í skóinn. Uppáhalds jólamaturinn hennar er hamborgarhryggur. Það sem hún vill í jólagjöf eru fótboltaföt eða hund! Hún æfir fótbolta og vill verða fótboltakona, hárgreiðslukona og slökkviliðskona. Uppáhalds jólamynd Sólrúnar er Home Alone og hún horfir á jóladagatalið í ár.



### Gunnar Ernir

**Gunnar Ernir Garðarsson** er níu ára drengur í fjórða bekk. Hann hefur búið hér alla sína ævi og uppáhalds jólasveinninn hans er Kertasníkir út af því að hann kemur með bestu gjafirnar. Hann fær í skóinn og hefur aldrei fengið kartöflu í skóinn. Hann æfir á píanó og fótbolta, körfubolta og frjálsar íþróttir. Drauma starfið hans er að verða fótboltamaður eða rithöfundur. Uppáhalds jólamynd Gunnars er Home Alone 1 en hann horfir ekki á jóladagatalið í sjónvarpinu. Gunnar langar mest að fá rosalega mikið af Liverpool fötum í jólagjöf.

# ELDÆÐ Í NÁTTÚRUNNI

Það er margt sem hægt er að verja tímanum í úti með fjölskyldunni. Ýmsar hugmyndir má finna í Útílisbók fjölskyldunnar eftir Pálinu Ósk Hraundal og Vilborgu Örnú Gissurardóttur. Við fengum góðfúslegt leyfi til að birta efni úr bókinni. Ein hugmyndin er að fara út í náttúruna og finna sér stað til að baka múffur yfir eldi. Til þess má t.d. nota lítið kolagrill eða eldstæði. En það verður að muna að vera á stað þar sem leyfi er til að kveikja á grilli og tryggja aðstæður svo ekki sé hætt á að kvikni í út frá eldinum.

Fyrir fleiri hugmyndir bendum við á bókina góðu eða instagram reikning Pálinu #natureplaymom.

## MÚFFUR Í APPELSÍNUFORMI

Þetta hljómar kannski flókið í framkvæmd, en svo er alls ekki.

### Þú þarft:

- múffudeig að eigin vali
- appelsínur
- álpappír
- hníf og gaffal
- eldstæði eða ferðagrill

### AÐFERÐ


1. Búið til múffudeig heima og setjið í tóma gosflösku
2. Takið með ykkur eina appelsínu fyrir hverjar tvær múffur sem á að baka og skerið þær í tvennt. Takið aldinkjötið úr appelsínunni þegar komið er áfangastað.
3. Setjið deigið í appelsínufornið, fyllið u.þ.b. þrjá fjórðu af forminu
4. Setjið í álpappír og gerið nokkur göt með gaffli ofan á.
5. Setjið yfir kol eða glöð.
6. Fylgist vel með bakstrinum.
7. Múffurnar eru tilbúnar eftir u.þ.b. 10-15 mínútur.

Njótið!



## HJÁLPA!

Hjálpaðu álfinum að finna gjafirnar





## Opnunartími Sundlaugar Hafnar um jól og áramót

Starfsfólk Sundlaugar Hafnar óskar Hornfirðingum gleðilegrar hátíðar, og minnr á breyttan opnunartíma yfir jól og áramót

23. desember Þorláksmessa	06:45 – 21:00
24. desember aðfangadagur	Auglýst síðar
25. desember jóladagur,	<b>Lokað</b>
26. desember annar í jólum,	<b>Lokað</b>
27. desember	06:45 – 21:00
28. desember	06:45 – 21:00
29. desember	06:45 – 21:00
30. desember	06:45 – 21:00
31. desember, gamlársgdagur	Auglýst síðar
01. janúar, nýársdagur	<b>Lokað</b>
02. janúar	10:00 – 17:00

## Hátíðarkveðjur starfsfólk Sundlaugar Hafnar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Jökulsártón mynd: Guðrún Stefánía Vopnfrjörð

## GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG FARSÆLT KOMANDI ÁR

Starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli,  
í Gömlubúð og á Breiðamerkursandi.



# Lubbarnir með tónleika



Frá tónleikum í Sindrabæ

Lubbarnir er ung hornfirsk hljómsveit sem samanstendur af Alexöndru Guðrúnardóttur, Amylee V. Da Silva Trindade, Emir Mesetovic, Eyvöru Stellu Þebu Guðmundsdóttur, Lilju Rún Kristjánsdóttur, Margræti Maríu Aradóttur, Róberti Þór Ævarssyni, Sigursteini Ingvari Traustasyni og Vöku Sif Tjörvadóttur.

Þau ætla að halda tónleika og fjáröflun í Miðbæ á föstudaginn 17. desember kl. 16:00. Þau munu spila nokkur jólalög ásamt því að selja smákökur og fleira til styrktar starfsemi hljómsveitarinnar. Við hvetjum Hornfirðinga til að mæta og hlusta og styðja við unga fólkið okkar.



Mynd frá æfingu hjá hljómsveitinni

Óskum viðskiptavinum  
og Hornfirðingum öllum  
gleðilegra jóla og þökkum  
viðskiptin á liðnu ári.

**Jökulfell ehf.**

((( HEYRN )))


HEYRNARÞJÓNUSTA

*Kæru Hornfirðingar*

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.  
Heyrumst á nýja árinu.



Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - www.heyryn.is - NÝTT - vefverslun.heyryn.is



*Sendum íbúum, starfsfólki og  
landsmönnum öllum bestu óskir um  
gledileg jól og farsælt komandi ár*



# Líflegt kórastarf þrátt fyrir samkomutakmarkanir

Kórarnir hér í Hornafirði hafa ekki látið samkomutakmarkanir stoppa sig þetta árið í að halda jólatónleika. Miðvikudaginn 8. desember var Kvinnakór Hornafjarðar með sína jólatónleika, en vegna Covid voru bara örfáir gestir. Tónleikarnir voru teknir upp og eru nú aðgengilegir á youtube rás kvinnakórsins. Karlakórinn Jökull hélt svo sína aðventutónleika síðastliðinn mánudag og var tónleikunum streymt á youtube rás Hafnarkirkju. Hvetjum við lesendur til að hlusta og horfa á þessa tónleika.

Eins og áður hefur komið fram í Eystrahorni þá verða nú teknir upp tónleikar í Hafnarkirkju með samtals 7 sönghópum og verða þeir sendir út sem sjónvarpstónleikar í lok adventunnar og yfir hátíðirnar. Aðstandendur tónleikanna vilja bjóða Hornfirðingum öllum og velunnurum til tónleika og vonast til að geta veitt góðu málefni lið.

*Þau sem vilja styrkja gott málefni geta borgað upphæð að eigin vali á reikning 0169-26-1510 kt:610280-0139*



Frá tónleikum Kvinnakórsins




Frá tónleikum Karlakórsins þann 13. desember.  
Myndir: Tómas Nói Hauksson



**Sjálfstæðisfélag Austur-Skaftafellssýslu óskar íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.**

**Þökkum stuðninginn á liðnum árum**




*AFL Starfsgreinafélag,  
stjórn og starfsfólk, óskar þér  
og fjölskyldu þinni gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.*





*Starfsfólk HSU Hornafirði óskar  
Hornfirðingum gleðilegar jóla og  
farsældar á komandi ári.  
Þökkum sýndan skilning vegna álags sem  
verð hefur á árinu .*

*Kær jólakveðja  
starfsfólk HSU Hornafirði*



Sendum Yoga iðkendum og öðrum  
íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
hugheilar jóla- og nýárskveðjur

Þökkum góðar viðtökur á árinu,  
hlökkum til áframhaldandi iðkunnar  
með ykkur á nýju ári

**Ásgerður og Ragnheiður**  
**Yama yogastúdíó**



## Félagsfundur

Almennur félagsfundur verður haldinn


**16. desember kl. 17:00** í

Papóshúsinum, Álaugarvegi 5.

Fundarefni:

Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga 2022.

Allir velkomnir.



*Ég óska skylálfólki mínu og vinum  
gleðilegra jóla og gæfuríks nýárs  
þakka öll liðnu árin, hjartanskveðja  
Friðrik Friðriksson  
Hraunkoti*



*Medial ehf. óskar viðskiptavinum sínum og  
Hornfirðingum öllum gleðilegrar hátíðar  
og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir  
samstarf og viðskipti á árinu sem er að líða.*

*Skrifstofan verður lokað frá  
22. desember 2021 til 3. janúar 2022.  
Við hlökkum til að sjá ykkur á nýju ári!*



# Íbúar og starfsfólk Skjólgarðs mótmæla



Fyrir rúmri viku síðan mótmæltu íbúar hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs á Höfn í Hornafirði seinagangi í byggingu nýs hjúkrunarheimilis hér í bæ og sendu heilbrigðisráðherra opið bréf. Nú höfum við öll á Skjólgarði, bæði íbúar og starfsfólk, ákveðið að hafa vikuleg mótmæli þar til skóflustunga á nýju hjúkrunarheimili hefur verið tekin. Íbúar búa við óviðunandi aðstæður, að þurfa að deila herbergi með öðrum og búa við afar þröngan kost. Úr því verður að bæta og það helst í gær. Við hvetjum stjórnvöld til aðgerða og það strax.

## NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI STRAX





**Rósaberg ehf**  
óskar viðskiptavinum sínum og  
Hornfirðingum öllum gleðilegra  
jóna og farsældar á nýju ári

Birki Veitingahús óskar  
Hornfirðingum öllum  
gleðilegra jóla.

Við verðum í jólafrii frá  
20. desember til 13. janúar.

Við hlökkum til að sjá ykkur  
á nýju ári.




Sendum íbúum Sveitarfélagsins  
Hornafjarðar hugheilar jóla- og  
nýárs kveðjur.

Félag framsóknarmanna í  
Sveitarfélaginu Hornafirði



## Jólahelgihald í Bjarnanesprestakalli

- 24. des. Hafnarkirkja kl. 18:00  
Aftansöngur. Athugið að skrá þarf mætingu\*
- 24. des. Hafnarkirkja kl. 23:30  
Tónlistarstund á jónanótt
- 25. des. Bjarnaneskirkja kl. 14:00  
Hátíðarmessa
- 26. des. Hofskirkja kl. 11:00  
Hátíðarmessa
- 26. des. Kálfafellsst.kirkja kl. 13:30  
Hátíðarmessa
- 31. des. Hafnarkirkja kl. 17:00  
Aftansöngur

Vegna samkomutakmarkanna  
þá hafa prestar og  
sóknarnefndir ákveðið að  
messa ekki í öllum kirkjum  
prestakallsins. Við beinum því  
til íbúa að leita til næstu kirkju  
vilji það sækja messu á jónunum

\*Skráning fer fram á  
www.hafnarkirkja.is eða í  
síma 894 8881



# Fjallamenskunám FAS

Vafalaust hafa einhverjir bæjarbúar rekist á fjölda fólks í sundlauginni á hinum og þessum tímum haustsins en nemendur og kennarar í fjallamenskunámi FAS eru tíðir gestir þar. Nemendur og kennara Fjallamenskunáms FAS hafa aldrei verið fleiri, nú eru um 70 nemendur á öllum aldri sem stunda nám í fjallamenskun og koma um 20 kennarar að náminu á einn eða annan hátt. Í náminu kynnist fólk fjallamenskun og leiðsögn frá hinum ýmsu hliðum. Þær greinar sem við kennum er meðal annars: bakpokaferðir, rötun, klettklifur, jöklaferðamennska, alpaferðir, ferðalög á hájökklum, snjóflóð, fjallaskíði, fjallahjólreiðar og kajaksiglingar. Kennarar okkar eru margir hverjir meðal færustu einstaklinga í sínum greinum hérlandis og leggjum við mikið kapp í að halda úti faglegri kennslu á öllum sviðum.

Þegar Covid skall á með sínum takmörkunum og breytingum á skólastarfi haustið 2019 þá var lítið annað í stöðunni en að fella niður námið það skólaárið. Í kjölfarið gafst tækifæri á að fara í allsherjar endurskipulagningu og þarfagreiningu á náminu. Eftir mikinn undirbúning og skipulagningu auglýstum við nýtt og endurbætt Fjallamenskunám FAS á haustdögum 2020. Aðsókn stóð ekki á sér



*Nauðsynlegt að vera með öryggisatriðin á hreinu í klettklifri. Mynd:Skúli Pálmason*

og var met þátttaka í náminu. Í framhaldi af því var ákveðið undirbúa framhaldsnám í fjallamenskun og geta nemendur nú lokið tveggja ára námi í fjallamenskun. Áhersla okkar er að bjóða uppá faglegt og hagnýtt nám fyrir einstaklinga sem vilja starfa í eða við fjallaleiðsögn á Íslandi. Nemendur kynnast öllum helstu hliðum fjallamenskunnar og er mikil áhersla lögð á þær greinar sem eru atvinnuskapandi, en jöklaferðamennska er meðal þeirra. Fjallamenskunám FAS styður uppbyggingu staðla og fagmennsku í leiðsögn hérlandis og því störfum við náið með AIMG, Félagi fjallaleiðsögumanna á Íslandi, en markmið þeirra endurspeglar gildi okkar við uppbyggingu náms í ferðabjónustu. Náminu er ætlað að stuðla að aukinni fagmennsku og uppbyggingu í atvinnugreininni á svæðinu í kringum Hornafjörð, sem og landinu öllu. Fjallamenskunám FAS er því kærkomin viðbót við hina ungu en ört vaxandi atvinnugrein.

Ferðabjónusta var árið 2017 orðin ein stærsta útflutningsgrein landsins, aflaði meiri gjaldeyristekna en útflutningur sjávarafurða og iðnaðarvara á árunum 2014-2017, samkvæmt Ferðamálastofu. Ferðabjónusta skipar því sífellt stærri sess í okkar samfélagi og voru sem dæmi rúmlega 20% af heildartekjum Sveitarfélagsins Hornafjarðar rekstrartekjur frá ferðabjónustu árið 2018. Frá árinu 2009 til 2019 hefur einstaklingum í

aðalstarfi í tengslum við ferðabjónustu fjölgað sem um nemur 455% og fjöldi fyrirtækja í ferðabjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði voru tæplega 150 árið 2019, samkvæmt greiningu SASS frá árinu 2020.


Við fögnum því mjög fjölgun nemenda í fjallamenskunámi FAS, en það er mikilvægt skref að bjóða uppá menntun í einni af stærri atvinnugreinum landsins og hér í okkar sveitarfélagi. Sveitarfélagið Hornafjörður er hin fullkomna kennslustofa, hér er gott aðgengi að jökklum og fjöllum sem henta mjög vel til kennslu. Vatnajökulsþjóðgarður og svæði hans er meðal eftirsóttustu ferðamannastaða landsins og erum við heppin að hafa aðgengi að einstakri náttúru hans, sem nú er á heimsminjaskrá UNESCO.

Fjölgun nemenda og sú mikla uppbygging sem er að eiga sér stað í ferðabjónustu er vonandi bara byrjunin, en ég tel að Hornafjörður eigi að leggja metnað sinn í því að byggja hér upp farsæla miðstöð jökla og ferðamennsku, hvort sem kemur að rannsóknnum eða menntun. Hér eru tækifæri til að skara framúr og marka sér sérstöðu. Einstök staðsetning sveitarfélagsins sem og návist okkar við Vatnajökulsþjóðgarð gerir okkar sveitarfélag einstakt á heimsvísu.

*Verkefnastjóri fjallamenskunáms FAS  
Sólveig V. Sveinbjörnsdóttir*



*Nemendur öðlast færni í jöklaferðum.  
Mynd:Skúli Pálmason*



*Sendum Skaftfellingum, frændfólki og vinum  
hugheilar jóla- og nýárskveðjur  
og þökkum fyrir liðin ár.*

*Albert og Ásta*

*Sendum öllum heilla- og  
hátíðarkveðjur og óskum ykkur  
farsældar og friðar um ókomna tíð.*

*Sturlaugur og Helga*





Hornhúsið óskar Hornfirðingum og nærsveitungum öllum friðsælla og gefandi stunda á hátíð ljóss og friðar og þakkar jógaiðkendum sínum samveruna á árinu sem er að líða. Megi nýja árið færa ykkur öllum farsæld og sátt.

Hulda Laxdal Hauksdóttir



Sveitarfélagið  
HORNAFJÖRÐUR



## Breyting á deiliskipulagi Bugðuleiru 9 og Álaleiru 11 á Höfn

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis á Leirum samkvæmt 43. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin heimilar byggingu raðhúsa á einni hæð í stað tveggja hæða fjölbýlishúsa við Bugðuleiru 9a-d og Álaleiru 11a-d. Breytt er bæði uppdrætti og greinargerð á B-reit skipulagsins. Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og því er fallið frá kröfu um lýsingu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með 16. desember nk. til 30. janúar 2022. Tillöguna má einnig nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir Skipulag í kynningu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til **30. janúar 2022**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is).

Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagið Hornafjörður



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
HORNAFJÖRÐUR



## Breyting á aðalskipulagi vegna efnistöku á Suðurfjörum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2012-2030 á Suðurfjörum samkvæmt 1. mgr. 36. gr. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið með breytingunni er að taka allt að 2000 m<sup>3</sup> af efnis af Suðurfjörum til rannsóknar á fýsileika fyrir efnistöku af svæðinu.

Tillagan verður til sýnis frá og með 16. desember 2021 til 30. janúar 2022 í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7 b 105 Reykjavík. Tillöguna má einnig nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir Skipulag í kynningu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögur til 30. janúar 2022. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is).

Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagið Hornafjörður



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

# Veisla!



*Eva, Ragnheiður, Jakob, Berglind, Fanney, Ófeigur, Hermann og Bjarni*

M á n u d a g s k v ö l d i 6. desember var haldinn fjölbættur menningarviðburður í sláturhúsinu á Fagurhólsmýri þar sem fram komu bæði rithöfundar og tónlistarmenn. Jafnframt var þetta tilraun til þess að skapa fjölmenningshlaðborð og íbúum í Öræfum var boðið að taka þátt í að leggja til mat á borð. Meðal þess sem var á boðstólum var tvíreykt hangikjöt, steikt lambakjöt og pierogi. Pierogi er algengur jólamatur í Póllandi, einskonar dumplings, í þessu tilvikki fyllt á klassískan máta, annarsvegar með kartöflum og osti en hins vegar súrkáli og sveppum. Dagskráin var styrkt af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Menningarmiðstöð Hornafjarðar og unnin í samstarfi við Bókautgáfuna Sæmund og Gísla Magnússon á Höfn.

Jakub Stachowiak er bréfbær, ritlistarnemi og skáld sem hlaut Nýræktarstyrk fyrir sína fyrstu ljóðabók, Næturborgir, sem hann sendi frá sér í nóvember. Jakub las upp úr Næturborgum ásamt því að kynna fyrir okkur ljóðasafnið Pólfóníu sem geymir ljóð eftir erlend skáld búsett í Reykjavík og hann er meðhöfundur að Fanney Hrund Hilmarsdóttir er

sjálfsþurftarhöfandi, lögfræðingur og skáld, búsett á Suðurlandi. Fanney áttaði sig á því í æsku að vitringar vita meira en aðrir og því hlytu sérvitringar að vita enn meira! Í kjölfarið fann hún upp slagorðið: Verndum sérvitringana! Fanney sagði okkur frá sjálfri sér og tildrögum Fríríkisins áður en hún las upp úr því, en Fríríkið er heitið á fyrstu bókinni af fjórum í bókaflöknum um ævintýraveröldina Dreim. Ófeigur Sigurðsson rithöfundur og skáld las upp úr glænýrri ljóðabók sem ber heitið Huggunarríma vorra tíma. Bókin er einskonar heimilisíðnaður og samstarfsverkefni hans og unnustu hans, Kristínar Karólínu Helgadóttur myndlistarmanns, sem leggur til myndverk í bókina. Prent & Vinir gefa rímuna út og var haldið útgáfuhöf í Ásmundarsal, tæpri viku eftir Veisluhöldin á Fagurhólsmýri. Berglind María Tómasdóttir er flautuleikari og tónskáld sem vinnur þvert á miðla. Hún las upp úr nýútkominni bók sinni sem nefnist Tvisöngur. Auk þess flutti hún verk sem tengist innihaldi bókanna, í samstarfi við hliðarsjálfið, hina veraldarvönu Rockriver Mary. Tvisöngur er samtál þeirra tveggja um tónlist og hefðir, hljóðfærin Hrokk og

Lokk og hvað er satt og hvað er logið. Þetta er fyrsta bók Berglindar Maríu og samhliða henni kemur út tónlist fyrir Lokk á geisladiski, kassettu og stafrænum veitum. Hermann Stefánsson er rithöfundur, skáld og tónlistarmaður. Hann kynnti fyrir okkur textasafnið Dyr opnast og skáldsöguna Bjargræði, sem fjallar um kraftaskáldið og sjókonuna Látra-Björgu. Á Fagurhólsmýri flutti hann ljóð sitt Ofviðrið þar sem hann blandaði saman söng og upplestri, sem smám saman tók á sig mynd og varð að öskrandi rokklagi að lokum. Þennan kraftmikla flutning færði Hermann okkur með fulltingi Ragnheiðar Ólafsdóttur en þau komu fram í sundur en saman. Ragnheiður Ólafsdóttir er doktor í tónlistarfræðum og tónmenntakennari á Álftanesi. Hún kvað upp úr nýjum rímum Skúla Pálssonar af stígvélakisu sem gefin var út í haust en Skúli Pálsson er heimspekingur og jafnframt eiginmaður Ragnheiðar. Ég ákvað að hringja í Ragnheiði og spyrja hana betur út í uppruna sinn og tengsl við rímnahefðina og það hvernig maður verður doktor í tónlistarfræðum. Það var hrein unun að hlusta á hana rekja lífshlaup sitt sem tvinnast saman við tónlist sem hefur alla tíð verið órjúfanlegur þáttur í lífi hennar.

Dr. Ragnheiður Ólafsdóttir er fædd í Borgarnesi árið 1960. Hún er næstýngsta barn foreldra sinna og ólst upp í hópi 10 systkina. Móðir Ragnheiðar og Ragnheiður var í nokkur ár samferða móðursystur sínum í kirkjukórnum í Borgarnesi. Rímnahefðin stóð henni hins vegar ekki nærri framan af, þótt faðir hennar sem fæddur var 1909 hefði haft áhuga á henni, enda þjóðernisrómantíker eins

og margir af hans kynslóð. Honum þótti allt best í sveitinni, torfbæirnir hlýir og rímnakveðskapurinn notalegur. Annað var uppi á teningnum hjá móður Ragnheiðar sem var 15 árum yngri.

„Móðir mín tilheyrði nýju kynslóðinni sem gerði í raun grín að rímnahefðinni og vildi bara búa í sínum steinhúsum, hlusta á útvarpið og syngja í röddum“ segir Ragnheiður mér glettin. Þannig að þessi þjóðararfur var sannarlega til staðar strax í æsku Ragnheiðar, þrátt fyrir þessi ólíku sjónarhorn.

Eftir að hafa lokið landsprófi í Borgarnesi lá leiðin í MH og þaðan í lýðháskóla til Noregs, þar sem norskan með öllum sínum fjölbreyttu mállýskum setti mark sitt á lífshlaup Ragnheiðar. Henni rann blóðið til skyldunnar eftir tvö ár í Noregi, að koma heim og klára stúdentspróf, sem hún gerði í gróskumiklu og frjóu samfélagi á Saudárkróki, þar sem nýbúið var að stofna fjölbrautaskóla. Þar hóf Ragnheiður feril sinn sem stjórnandi í tónlistarhópi en í dag ber helst að nefna að hún fer fyrir Kvæðakonunni góðu sem Hallgerður heitin Gísladóttir stofnaði með vinkonum sínum og einnig Rímþursum og frenjum sem er blandaður hópur úr ReykjavíkurAkademíunni. Að stúdentsprófi loknu lá leiðin til Reykjavíkur í Kennaraháskólann, sem leiddi hana um landið í kennslu, meðal annars á Akranes. Þar stofnaði hún ásamt vinkonu sinni Sönghópin Sólarmegin sem starfaði undir hennar stjórn fyrstu árin áður en Ragnheiður hélt ferðalagi sínu um lífið áfram, norður á Akureyri, aftur til Noregs, til Ástralíu og að lokum til Hong Kong, áður en hún settist að hér heima á Íslandi.

„Já, í allt hef ég búið í útlöndum í 20 ár. Eg fór í framhaldsnám í tónlist í Oslóarháskóla en síðan eru það í raun tilviljanir sem ráða því hvar maður lendir og ekki enda í Ástralíu og hafði ekki fyrir augunum að fara í doktorsnámið þar, en svo gerðist það.“

Ragnheiður fékk fyrst áhuga á kveðskap þegar hún og Þórarinn Hjartarson byrjuðu að vinna saman. Þau unnu saman dagskrá sem þau fluttu bæði í útvarpi og síðan víða um land um Pál Ólafsson skáld en það samstarf leiddi til þess að þau gáfu út geisladiskinn Söngur Riddarans, áður en Ragnheiður



*Rockriver Mary, hliðarsjálfi Berglindar Maríu spilaði fyrir gesti*



## Getur þú hugsað þér jólin án rafmagns?

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkuþörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti – *Gleðilega hátíð.*



# Gleðilega hátíð



**SJÓVÁ**



*Það er engin veisla án matar*

flutti til Ástralíu. Það var í því samhengi rétt fyrir aldamótin, að hún var stödd norður á Akureyri eftir að hún var byrjuð í háskólanum úti í Osló, að skemmta Kvæðamannafélaginu Íðunni ásamt Þórarni. Sá viðburður varð að ákveðnum vendipunkti. Þarna fluttu þau meðal annars nokkrar stemmur og eftir skemmtunina komu margir úr Íðunni og jusu þau lofi fyrir kveðskapinn.

„Svo kemur þarna Andrés Valberg sem var mikill karakter og segir við mig eitthvað á þá leið að þetta hafi verið hræðilegt! Hann sagði að ég hefði alls ekki kveðið - ég hefði bara sungið! Það að hann skyldi tala svona tæpitunglaust varð til þess að ég fékk gríðarlegan áhuga á kveðskapnum - ég móðgáðist ekki neitt við hann, það var ekki hægt! Þetta var bara svo skemmtilegt að fá þarna tver gerólíkar skoðanir á því sem við höfðum flutt og þetta varð til þess að ég, í náminu mínu við Oslórháskóla, fór að skoða rímahefðina. Hann gaf mér í rauninni alveg rosalega flotta gjöf því að á þessum tíma var ég ekkert búin að vera að hugsa um að rannsaka kveðskap! Ég kom því aftur heim til Íslands til þess að taka viðtöl við elstu kynslóðina sem þá var í Íðunni þar sem ég spurði alla viðmælendur hvort það væri raunverulegur munur á því að kveða og syngja og síðan í kjölfarið hver þessi munur væri. Allir voru sammála um að það væri munur, en enginn gat skýrt fyrir mér í hverju hann lægi, þannig að ég þurfti þá auðvitað að rannsaka það sjálf.“

Niðurstaðan kom síðar í ljós, þegar Ragnheiður fann ritgerð frá Sven Nilsen í Danmörku frá því um 1980, en hann hafði m.a. gert rannsókn í gegnum vél, þar sem hann hafði mælt og borið saman tónlengdina í rödd manns sem kvað, söng og las.

„Þá sést þetta svart á hvítu,

að tónninn í söng er langlengstur, tónninn í lestri langstytstur, en tónninn hjá kvæðamanninum þarna einhversstaðar á milli. Þetta er í raun afskaplega skýrt.“

En Ragnheiður útskýrði fyrir mér að munurinn felst einnig í því að kveðskapurinn er fyrst og fremst flutningurinn á sögunni í textanum. Hann er ekki bara flutningurinn á textanum eins og í söng þar sem laglínar er númer eitt, heldur er það sem kvæðamaðurinn hefur fram að færa, það sem felst í textanum, aðalatriðið. Stemman, sem er laglínar, er einskonar færiband til áheyrans og ef færibaldið er vel smurt, þá rennur kveðskapurinn ljúft í eyru hlustandans. Í söng er það laglínar sem er oftast mikilvægari segir Ragnheiður

borinn saman við kveðskapinn.

Þegar Ragnheiður kennir kveðskap, þá leggur hún mikla áheyrslu á, eins og hún útskýrir „að taka utan um hvert orð“ þannig að það heyrist og skiljist. „Ég reyni sum sé að kenna fólki smá trix í því að kjamsa á textanum þannig að ekkert fari forgörðum.“

Annað sem Ragnheiður fékk ábendingu um af félögum í Íðunni var það að hún væri að nota rangar stemmur við sumar vísur. En það er eitthvað sem hún er ekki sammála um eftir að hafa rannsakað rímahefðina í þaula. Í Íðunni kunnu menn ekki nótalestur sem vonlegt var og því voru einu gögnin sem félagar þar höfðu til þess að muna stemmurnar að tengja einn hlut við annan. Það er að segja, þeir tengdu saman ákveðna vísu við ákveðna stemmu sem er velþekkt minnisáðferð eða „Mnemonic Device.“

„En þannig þarf þetta ekki að vera og þannig var þetta alveg örugglega ekki í kvæðahefðinni vegna þess að í gamla daga þá höfðu kvæðamenn ekki endilega margar stemmur. Þeir höfðu jafnvel bara eina, eða örfáar og breyttu henni eða þeim þá bara í samræmi við breyttan bragarhátt.“

Þegar talið berst að því

þangað - þá mátt þú eiga þetta! Þetta hef ég í raun haft að leiðarljósi í minni kennslu og þetta finnst mér svo mikilvægt. Það er að segja, að taka hefðina alvarlega, taka henni eins og hún er, skoða hana út frá mörgum hliðum og læra hana vel. En eiga hana síðan og skapa eitthvað alveg nýtt upp úr henni.“

Ég spurði Ragnheiði hversu langt aftur megi rekja rímahefðina og hvort það séu einhverjar vísbendingar um að hún hafi verið bundin kynjum, hver orti eða kvað. „Það að yrkja vísur var þjóðariþrótt og fólk gerði þetta sér til gamans og ekki hægt að festa hönd á því nákvæmlega hvernig rímahefðin kom inni líf Íslendinga. En hún var ekki bundin einu kyni. Þetta geymdi fólk með sér og lærði og ég hef fundið það sjálf í gegnum löng æfingatímabil að það verður eiginlega þannig að maður fer hreinlega að tala í stuðlum og höfuðstöfum eftir ákveðinn tíma. Það verður mjög óþægilegt til lengdar“, segir Ragnheiður og skellir uppúr.

Elsta ríman er frá árinu 1390 eða þar um það bil en stemmurnar hafa líklega aldrei verið skrifaðar niður. En reikna má með því að fólkíð sem kvað inn á Silfurplötur Íðunnar á árunum 1935-36 hafi þekkt stemmur frá kynslóð



*Ragnheiður Ólafsdóttir les fyrir gesti*

og verður á vissan hátt til þess að áheyransinn gleymir sér í söngnum, sérstaklega í klassískum söng, þar sem útilokað er að bera fram ákveðna sérhljóða ef sungið er til dæmis uppi á A eða háa C. Tónlistin túlkar hins vegar oft textann og því má segja að þetta sé í raun alveg hin hliðin þegar söngur er

hvernig Ragnheiður hjálpar fólki að öðlast færni í því að kveða hvarflar hugur hennar til Noregs. „Ég var í kveðskap í Noregi, það er allt annar hlutur, en samt svipað. Þar sögðu þær kvæðakonurnar við mig sem kenndu mér: Þú verður að gera þetta nákvæmlega eins og við gerum! Og þegar þú ert komin

foreldra sinna að minnsta kosti og því má segja að við þekkjum stemmur frá því um 1850 nokkuð örugglega og kannski eitthvað fyrir, segir Ragnheiður, í gegnum þessa munnlegu geymd.

Í tengslum við fataval og framkomu kvæðamanna, þá segir Ragnheiður einörd:

„Þeir sem fluttu hefðina

mikið voru svokallaðir umrenningar eða ónyjungar, stundum kallaðir flækingar líka. Þeir flæktust á milli bæja en þeir kunnu þetta. Þetta voru listamenn fortíðarinnar. Þeir voru velkomnir af því að þeir gátu fært eitthvað merkilegt með sér sem var bókmenntaarfurinn - rímur allavegana. Þeir voru kannski með eina vísnaðabók í farteskínu og kunnu þessa list að flytja kveðskapinn.. Þetta fólk átti engin spariföt, en það kvæð fyrir mat og húsaskjól og það fékk kannski að vera í einhverja daga ef það var skemmtilegt og sumir tóku þátt í störfunum.“

Þannig að samkvæmt Ragnheiði eru engar skyldur sem kvæðamanni eru settar á herðar varðandi útbúnað eða framkomu, heldur finnst henni áhugavert að draga þessa hefð inn í samtímann okkar, á forsendum fólksins sem byggir landið í dag. Hún segir að ef við ætlum að hafa þetta hér og nú, læra þessa hefð og vera í henni, þá er það í raun einskönar sviðsetning ef kveðskapurinn er fluttur í baðstofu í dag. „Það kemur alltaf meiri og meiri tími

og hann er nýr - og við erum ný líka! Ég fer ekki í upphlut og set á mig skotthúfu, vegna þess að það er ekki partur af þessari hefð, þótt það megi auðvitað eins og hverjum sýnist.“

„Þessi fjöldi fólks sem átti þennan menningararf, þessar vísur, sem kunni bragarhættina án þess að geta nefna þá, það fann þá, vissi af þeim - var þeim samdauna. Þeir kváðu örugglega við verk sín, hvar sem var.. Það kannski heyrði það enginn og það má þá spyrja eins og um tréð sem féll í skóginum: „Var þá einhver hávaði, ef enginn heyrði hann?“ Svo fengu þessir kvæðaförumenn nokkuð örugglega engan hljómgrunn fyrr en eftir að innvinnan hófst og baðstofan var auðvitað þar af leiðandi samkomusalur þeirra tíma.“

Undanfarin ár hefur Ragnheiður einbeitt sér að því sem hún kallar „að kveða landið“. Það er að segja að fara á staði til þess að flytja landinu eða landslaginu tilfinningar fólksins sem þar bjó, vann eða þangað ferðaðist. Þetta fólk hafði ort

um staðina og í þessum vísur eru bæði lýsingar á staðhátum og tilfinningum tengdum lífi og landi. Þessi kvæðaförðalög snúast mikið um sögu lands og lýðs sem er flutt með gömlum og nýjum stemmum – rímnalögum.

„Það er eitthvað alveg sérstakt við þetta. Mannsröddin úti í náttúrunni, í samhljómi við fuglasöng, sjávarnið, fossa og ár, vind í stráum og trjám, enduróm úr bergi.“

Í fyrra fór Ragnheiður til að mynda með Rímþursana og frenjurnar norður í Svarfaðardal í Eyjafirði þar sem þau kváðu heila skáldsögu í bundnu máli sem bóndakona, alþýðukona þaðan orti.

„Þegar maður les eða hlustar á kveðskapinn hennar þá þekkir maður landslagið í Skiðadal og Svarfaðardal í gegnum textann og við kváðum þetta þarna úti í náttúrunni og að hluta til fyrir fólk á Dalvík. Í þeirri för voru löngu uppkomin börn skáldkonunnar með. Þetta var sterk upplifun fyrir okkur öll.“

Með því að færa sögurnar

og kveðskapinn inn í sitt upprunalega samhengi segir Ragnheiður að fólki gefist tækifæri til að tengja við sögurnar, landið og líf fólksins í landinu fyrr á tímum.

„Þessi hugmynd um að kveða landið kviknaði eftir frjótt samtal við tvær konur sem komu til mín, önnur var kanadísk og hin spænsk og báðar höfðu þær lagt stund á einskönar frumbyggjafræði. Vísur eru svo þægilegar til að taka með sér úti náttúruna; þessi fáu, oft meitluð orð og það eru svo margir sem eiga vísur forfeðra sinna í fórum sínum eða hafa jafnvel ort sjálfir. Þarna er sagan okkar geymd og ekki síður tilfinningar og það er nú bara helmingurinn af okkur - við erum tilfinningar. Svo ég myndi að lokum bara vilja hvetja fólk til þess að gera þetta: Að fara út í náttúruna, leita uppi þessa staði sem hafa verið uppspretta kveðskapar og kveða landið!“

Eva Bj

*Félag eldri Hornfirðinga óskar félögum sínum og velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samveruna á árinu sem er að líða.*

*Hittumst hress!*



*Óskum Hornfirðingum  
Gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári  
Með þökk fyrir  
móttökurnar á árinu*

BLÓMABÚÐ & GJAFAVÖRUR

• EST 2021 •



## VILTU KOMA Í HLAUPAHÓP?

Hlaupahópur Hornafjarðar þakkar frábærar viðtökur á liðnu hausti. Mikill hugur er í hópnum og m.a. einhverjir þegar byrjaðir að skipuleggja hópferðir í spennandi utanvegahlaup á komandi sumri á meðan aðrir ætla eingöngu að hlaupa sér til ánægju og heilsubótar.

Hópurinn mun halda áfram á nýju ári með svipuðu fyrirkomulagi. Boðið upp á mismunandi æfingar eftir getustigi.

Nýjir meðlimir eru boðnir velkomnir!

**Byrjendanámskeið þegar nær dregur vori**

Fyrir þá sem vilja kynna sér starfið þá verða opnar æfingar dagana 16.des. kl. 17.30 og 18.des. kl. 10.00.

Farið af stað frá Sundlauginni.

Allir velkomnir að koma á æfingu!

Upplýsingar: Helga Árna GSM: 888 - 5979

hlaupahopurhornafjarðar@gmail.com



*Óskum Hornfirðingum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.  
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem  
er að líða*





# Flugeldasala Björgunarfélags Hornafjarðar 2021

Hægt verður að skoða úrvalið og panta flugelda á síðunni [www.flugeldar.is](http://www.flugeldar.is). Þú pantar á netinu, við tökum saman fyrir þig og þú sækir. Einnig verður hægt að koma inn í verslunina en þar gilda sóttvarnareglur sem öllum ættu að vera kunnar.

Fylgist með okkur á facebook-síðunni *Björgunarfélag Hornafjarðar* þar sem salan verður auglýst frekar þegar nær dregur.

**Opnunartími sölunnar fyrir áramót og þrettándann:**


**28. des kl. 16:00-22:00**

**29. des kl. 16:00-22:00**

**30. des kl. 14:00-22:00**

**31. des kl. 10:00-14:00**

**og einnig fyrir þrettándann  
6. jan kl. 14:00-18:00**



*Íbúar og starfsfólk Skjólgarðs sendir þér og þínum hugheilar jólakveðjur með ósk um gleði og farsæld á komandi ári.*

*Jólakveðja*



*Bestu jóla- og nýársóskir til ættingja og vina. Þökkum allar góðar liðnar stundir.*

*Dísa og Gísli í Ártúni*



*Óskum frændfólki og vinum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum liðið*

*Halldóra og Gísli*

*Kirkjubraut 28*



*Sendum ættingjum og vinum okkar bestu jólakveðjur með þakklæti fyrir árið sem senn er á enda.*

*Jólakveðjur frá Kanarí*

*Ása og Birgir*



## Verkefni í þágu náttúrunnar 2021

Náttúrustofa Suðausturlands er nú á áttunda starfsári sínu og heldur áfram að eflast og stækka. Starfsmenn hafa aldrei verið fleiri en mest voru tíu manns við stofuna í sumar og eðli málsins samkvæmt var því talsverð fjölbreytni í verkefnum ársins. Nokkur fjöldi verkefna stofunnar eru langtímaverkefni og byggja á viðvarandi fjámögnun stofunnar, sem dæmi um það eru vöktunarverkefnið okkar svo sem fiðrilda- og pödduvöktun, jöklamælingar og nýjasta langtímaverkefnið sem er *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Mestur fjöldi verkefna okkar eru þó stök verkefni sem eru fjármögnuð með sértekjum sem sóttar eru í ólíka sjóði. Sum verkefnanna reka þó óvænt á borð okkar og í ár stendur klárlega upp úr heimsókn rostungsins Valla á Höfn upp úr sem eitt það eftirminnlegasta frá starfsárinu enda vakti hún heimsathygli.

Eitt af stærri verkefnum sem hófst á árinu var nýsköpunarverkefni sem hlaut 8,5 milljóna styrk frá Loftslagssjóði og er unnið á starfstöð okkar í Skaftárhreppi. Verkefnið heitir *Kolefnisforði og CO2 flæði úr jarðvegi – samstarfsverkefni um vöktun á völdum landgerðum* og er í samstarfi við Landgræðsluna. Markmið verkefnisins er að mæla kolefnisforða og CO2 flæði úr þurrlandisjarðvegi í Skaftárhreppi og þannig er hægt að áætla heildarlosun eða bindingu úr völdum vistgerðum. Annað verkefni sem unnið var að á árinu hlaut styrk úr Loftslagssjóði árið 2020 og snýr að endurmyndatöku allra jökla Íslands en það var síðast gert árið 2010. Það er gaman að segja frá því að í ár fékkst flugmaður frá Höfn, Pálmi Freyr Gunnarsson, til að fljúga með Snævarr við myndatöku á Vatnajökli.

Náttúrustofan og Landgræðslan hafa átt í samstarfi í nokkur ár með verkefnið *Bændur græða* landið en í ár hefur bæst í verkefnið, bæði með kolefnisforðaverkefni og einnig hófst samstarf um verkefnið *Grógos* sem miðar að því að finna gróður og plöntutegundir sem standast álag sem jökulhlaup valda og



Rannveig Ólafsdóttir, Pálina Pálsdóttir og Lilja Jóhannesdóttir við Strútslaug að Fjallabaki við vöktun náttúrunnar

eru öflugar til að binda fok gosefna. Það verkefni er unnið í Skaftárhreppi enda er það svæði sem er oft illa leikið af jökulhlaupum. Starfsmenn í Skaftárhreppi hafa einnig undanfarið ár unnið að kortlagningu lúpínu, komið að hönnun á frísbý-golfvelli og staðsetningu ruslagáma.

Í lok sumars hófum við fyrstu skref verkefnis sem snýr að kortlagningu á útbreiðslu tröllasmiðs, en það er bjöllutegund sem finnst einungis hér í Hornafirði af öllum heiminum. Í því verkefni leituðum við meðal annars til almennings og óskuðum eftir upplýsingum ef fólk hefði orðið vart tröllasmiðs. Það fékkst talsverður fjöldi svara en við ítrekum að við tökum enn við upplýsingum um fundarstaði en slíkt hjálpar okkur heilmikið við verkefnið.

Verkefni stofunnar vöktu í ár heilmikla athygli fjölmiðla sem við fögnum því við viljum að niðurstöður okkar rannsókna fari sem víðast og höfum metnað fyrir að fræða og upplýsa. Jöklarannsóknirnar vekja jafnan mikinn áhuga, ekki hvað síst erlendis, og hafa komið innslög frá

þeim í fjölda bæði innlendra og erlendra fréttamiðla. Náttúrustofan hefur nú síðan árið 2017 farið árlega í rannsóknarleiðangra út í Skúmeý á Jökulsárlóni, enda lítum við á hana sem okkar eigin Surtsey þar sem tækifæri er á að fylgjast með náttúrulegri framvindu „nýrrar“ eyju. Í ár komu með út í eyjuna starfsfólk fréttastofu RÚV sem fylgdust með okkur við hreiðurtalningar helsingja og leit að merktum einstaklingum. Í Skúmeý fundust fjórir helsingjar sem fengu staðsetningartæki sumarið 2020 og ljóst að þeir allir verpa þar, enda er það langstærsta helsingjavarpið á landinu. Varpið í ár gekk þó ekki neitt sérstaklega vel hjá fuglunum með staðsetningartækin. Gassinn Sæmundur hafði það þó af að koma ungum sínum yfir Jökulsárlón og labba með þeim alla leið austur fyrir Breiðabólstaðarlón en til þess eins að verða étinn. Það er því ljóst að næsta sumar fær nýr fugl staðsetningartækið sem Sæmundur bar.

Það var ekki einungis helsingjarnir sem áttu fremur slæmt varptímabil heldur gekk skúmnum illa að koma upp ungum í sumar. Fylgst var með varpinu hjá skúmnum með eftirlitsmyndavélum en ætlunin var að fylgjast með hvaða æti fullorðnu fuglarnir væru að bera í ungana. Sökum þess hve fá egg náðu að klekjast fengust litlar upplýsingar um fæðuval en engu að síður fékkst áhugaverð sýn inn í líf skúmsins. Í tengslum við verkefnið *Vöktun náttúruverndarsvæða* var fylgst með varpi skúms á stóru svæði umhverfis þjónustusvæðið við Jökulsárlón, þar náði engin skúmur að koma ungum á legg. Hins vegar var einnig fylgst með skúmum í Ingólfshöfða og þrátt fyrir brösuga byrjun þá virtist varpið þar fara ágætlega. Í samstarfi við Fuglaathugunarstöð Suðausturlands voru skúmshreiður á öllum Breiðamerkursandi kortlögð og út frá því sést að varp hafi gengið almennt illa á öllu því svæði. Áfram verður fylgst grannt með skúmnum.

Náttúrustofan leitaði til Vegagerðarinnar um fjármagn til rannsóknar á fuglalífi við nýjan veg um Hornafjörð sem hún veitti. Í sumar hófst því rannsókn á fuglalífi á svæðinu umhverfis væntalega (og þann kafla



Brynjúlfur Brynjólfsson og Kristín Hermannsdóttir við Hvalnes að skoða stíga og traðk.



Erla Guðný Helgadóttir, Snævarr Guðmundsson og Hildur Hauksdóttir við kortlagningu á berghleif við Breiðamerkursfjall á heitum sumardeg.

sem þegar hefur verið lagður) veglínu og nálægum tjörnum. Í framtíðinni má því bera saman fuglalífið fyrir og eftir veglagningu og ættu þær niðurstöður að auðvelda faglegri ákvarðanir við staðsetningu nýrra vega.

Fjórir starfsmenn unnu hjá stofunni yfir sumarmánuðina og var einn þeirra ráðinn vegna styrks frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Unnu sumarstarfsmenn okkar m.a. við rannsókn á berghleif á vestanverðum Breiðamerkursandi og kortlagningu

jarðfræði svæðisins til að kanna tengingu við Breiðamerkursfjall og var markmiðið að kortleggja innskot sem hafa ekki verið skoðuð áður. Eins var unnið að talningum, merkingum og aflestri af merktum hellingjum á Suðausturlandi í sumar.

Nýlega hófst samstarfsverkefni með Nýheimum Þekkingarsetri og Vatnajökulsþjóðgarði sem snýr að þolmarkarannsókn á Breiðamerkursandi og er markmiðið að meta ástand svæðisins út

frá náttúru, innviðum og menningarminjum og gera áætlun um hvernig tryggja megi sjálfbæra þróun þess, auk þess að rýna viðhorf ferðafólks. Einnig tekur stofan þátt í verkefni með Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Hornafirði sem kallast Vísindaferðaþjónusta og snýr að nýsköpun í ferðaþjónustu þar sem vísindalegri þekkingu um áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga er miðlað til fyrirtækja sem sérhæfa sig í jöklaferðum og er markhópurinn íslenskir ferðamenn.

Á árinu var undirrituð loftslagsyfirlýsing Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Festu - miðstöðvar um sjálfbærni og samfélagsábyrgð um stuðning vegna loftslagsaðgerða fyrirtækja og stofnana. Náttúrustofan tekur þátt í þessu verkefni ásamt fjölda annarra og ætlar með því að setja sér markmið í loftslagsmálum, fræðast um og framkvæma aðgerðir og mæla árangur þeirra. Að lokum nefnum við skemmtilegt verkefni sem Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti sem kallast fortíðarsamtal – fyrir framtíðina en þar tókum við viðtal við nokkrar eldri konur á Suðausturlandi til að varðveita sögu þeirra, sjónarhorn og upplifun á breytingum á umhverfi, atvinnuháttum og tíðaranda. Við erum afar spennt fyrir þessu verkefni sem við teljum bæði fróðlegt og þarft.

Látum hér staðar numið við þessa yfirferð sem er þó ekki tæmandi listi yfir öll þau verkefni sem hafa verið unnin á því skemmtilega ári 2021. Við óskum öllum velunnurum Náttúrustofu Suðausturlands gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Hlökkum til samstarfs á nýju ári.

Fyrir hönd starfsmanna,  
Kristín Hermannsdóttir forstöðumaður



*Framhaldsskólinn í Austur-  
Skaftafellssýslu óskar starfsfólki,  
nemendum og öllum Hornfirðingum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári*



## Kvenfélagið Vaka

Okkur þykir mjög leitt að tilkynna það að því miður getum við hvorki haldið árlega jólaballið né spilavistina vegna gildandi sóttvarnarreglna. Þó að hér séu fá smit þá getum við ekki haldið þessa viðburði.

Þrátt fyrir litla starfsemi undanfarin 2 ár þá höfum við engu að síður veitt styrki til einstaklinga.

Við óskum Hornfirðingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með kærri þökk fyrir liðin ár.

Kvenfélagið Vaka

## Landvarðarnámskeið

Landverðir sinna margvíslegum störfum í þjóðgörðum og á fríðlýstum svæðum á Íslandi, svo sem eftirliti með gönguleiðum og fræðslu til gesta. Hægt er að öðlast landvarðaréttindi eftir ýmsum leiðum, svo sem með því að ljúka námskeiði hjá Háskóla Íslands, Háskólanum á Hólum eða sérstöku landvarðanámskeiði á vegum Umhverfisstofnunar. Alla jafna starfa um 12-15 landverðir á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs yfir sumartímann og 6-9 yfir vetrartímann. Það er mikill hagar Vatnajökulsþjóðgarðs



að hafa staðkunnuga landverði í starfslíði sínu og því hvetjum við áhugasama í sveitarfélaginu til þess að skrá sig á landvarðarnámskeið Umhverfisstofnunar.

Skráning hefst þann 3. janúar á heimasíðu Umhverfisstofnunar (<https://ust.is/nattura/landvarsla/landvardanamskeid/>) og komast yfirleitt færri að en vilja. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur í febrúar og vegna aðstæðna fer kennsla fram á Teams, að undanskilinni einni staðlotu sem jafnframt er vettvangsferð. Athygli er vakin á því að þeir sem lokið hafa tilskýldu námi ganga fyrir um landvarðastörf í þjóðgörðum og á öðrum fríðlýstum svæðum. Nánari upplýsingar um námskeiðið veitir Kristín Ósk Jónsdóttir ([kristinosk@ust.is](mailto:kristinosk@ust.is)) en starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs svarar einnig öllum fyrirspurnum um fyrirkomulag starfsins innan þjóðgarðsins.

Að lokum viljum við óska íbúum í sveitarfélaginu gleðilegra jóla með þökk fyrir árið sem nú er að líða.

*Þjóðgarðsverðir á suðursvæði*

Sendum Austur-Skaftfellingum  
og öðrum landsmönnum



hugheilar jóla- og nýárskveðjur  
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Jóhann og Óla **Húsgagna**val

Óskum viðskiptavinum okkar  
sem og öllum Austur-Skaftfellingum  
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.  
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.



H. Christensen ehf.

Handraðinn óskar Hornfirðingum  
gleðilegra jóla og gæfu á komandi ári með  
þökk fyrir viðskiptin á árinu.



Tunnu Þrif Einars sendir Hornfirðingum  
innilegar jóla og áramóta kveðjur með þökk  
fyrir frábærar móttökur  
á liðnu ári.



Kæru ættingjar og vinir  
Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt  
komandi ár.

Með þökk fyrir árið sem er að líða.

Eygló og Ásgeir

Óskum samstarfsfólki, fjölskyldu og vinum  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum það liða.

Jóla

Gréta og Ingvaldur.



Bestu óskir um gleðileg jól og  
farsæld á nýju ári til starfsfólks  
okkar og viðskiptavina.  
Sérstakar þakkir fá íbúar  
Hafnar fyrir tillitsemi og gott  
samstarf við lagningu hitaveitu  
í sumar.

Starfsfólk Íslenska  
Gámafélagsins á Höfn sendir  
Hornfirðingum nær og fjær  
innilegar jóla- og áramóta  
kveðjur með þökk fyrir  
samstarfið á liðnu ári.

ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ





Úrbeinaður hamborgarhryggur

# Allt í jólamatinn í Nettó



Hangigrís  
úr hnakka



Fylltur  
grísabógur



Úrbeinaður hangiframpartur



Úrbeinað hangilæri

Óskum Hornfirðingum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári



## Heppinn að koma til Hornafjarðar



Mariano ásamt kærustu sinni Charli, hún er frá Skotlandi og stefnir á að flytja til Íslands fljótlega

Óskum Hornfirðingum gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Dóra, Einar og Ingólfur  
Efnalaug Dóru

Óska Hornfirðingum  
Gleðilegra jóla og farsældar á  
komandi ári  
Með þökk um viðskiptin á árinu  
Kveðja  
Rakarastofa Baldvins

Mariano Ferreyra kemur frá Córdoba í Argentínu og flutti til Hornafjarðar fyrir rúmlega ári síðan. Aðspurður um afhverju hann kaus að koma til Íslands segir hann að heimsfaraldurinn hafi sett líf hans úr skorðum, en hann var þó farinn að hugsa sér að flytja frá Spáni. Mariano átti nokkra vini sem höfðu góða reynslu af Íslandi og hann ákvað að prufa og sér ekki eftir því, og telur sig mjög heppinn að hafa komið. Mariano kennir og þjálfar sund og frjálsar ásamt því að vera þrekþjálfari fyrir knattspyrnudeildina. „Mér líkar mjög vel að vinna með börnum, unglíngum og fullorðnum á sama tíma. Hver dagur er áhugaverður og ég upplifi mjög ólík sjónarmið á hvað er mikilvægt frá hverjum aldurshópi“

### Hvernig líka þér hér á Íslandi og á Höfn ?

„Mér líkar mjög vel að búa hér, fólkíð er frábært og náttúran einnig. Hér er líka mikil ró og jafnrétti kynjanna er mun lengra komið en í heimalandi mínu og lýðræðið er gott. Ekkert land er fullkomið en Ísland hefur gert margt sem er til fyrirmyndar fyrir önnur lönd.“ Þar sem jólin eru að ganga í garð þá spyrjum við Mariano út í jólahefðirnar.

„Jólin á Spáni er tíminn til að vera með fjölskyldunni og vinum, í raun svipað og hér. Á aðfangadag er borðaður hátíðarmatur og svo um miðnætti eða morguninn eftir opnum við gjafir við jólatréð. Á Spáni er 6. janúar mikilvægari en jólin, sérstaklega hjá börnunum en þá er dagur konungann, „Día los Reyes Magos“. Miklar skrudgöngur eru haldnar og konungarnir fara um göturnar í vögnum og henda sælgæti og súkkulaði til barnanna. Í dag er fjölskyldan dreifð á milli Argentínu, Spánar, Bandaríkjana og Skotlands og það er erfitt að ná öllum saman yfir hátíðirnar, svo á hverju ári eru jólin ólík eftir því hvar ég er staddur. Uppáhaldstaðurinn er þó ábyggilega Skotland, en fjölskylda kærustunnar elskar að undirbúa jólahátíðina og þar er svo gott andrúmsloft, spenninur og gleði. Ég verð í Skotlandi þessi jól.“

### Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum ?

„Já, fyrir nokkrum vikum þegar allt var í snjó hér á Höfn og ég var í göngutúr. Ég fór út á golfvöll og það var alveg heiðskirt. Allt í einu birtust norðurljósín yfir jöklinum, þetta varð svo töfrandi og falleg stund og ég áttaði mig á hversu mikilvægt er að stoppa, skoða umhverfi sitt og njóta augnabliksins“

# „Hjálpum börnum heimsins“ nær og fjær

Kiwanis er alþjóðleg þjónustuhreyfing manna og kvenna sem hafa það að markmiði að taka þátt í að bæta samfélagið og láta gott af sér leiða undir kjörorðinu: „Hjálpum börnum heimsins“. Hreyfingin leggur áherslu á manngildi og eflingu félagskenndar meðal félagsmanna. Hver Kiwanisklúbbur reynir að þjóna sem best því samfélagi þar sem hann starfar. Í Kiwanis eru kvenna-, karla- og blandaðir klúbbar og er hreyfingin ávallt tilbúin að aðstoða við stofnum nýrra klúbba og taka við nýjum félögum. Það þarf aðeins að senda póst á [seinars@kiwanis.is](mailto:seinars@kiwanis.is) og biðja um að vera með. Vonandi gengur að stofna kvinnaklúbb á Höfn á komandi ári en öllum áformum um það hafa seinkað vegna Covid.

Kiwanisklúbburinn Ós verður 35 ára 2022 og eflaust verður tímamótanna minnst ef það verður mögulegt. En öll erum við farin að vona að Covid hverfi svo lífið verði aftur sem eðlilegast.

En hvað gerir Kiwanisklúbburinn Ós fyrir samfélagið? Klúbburinn hefur styrktarsjóð til að halda utan um ágóða af verkefnum klúbbsins. Ágóði af árlegri jólatrésölu, páskabingói og Groddaveislu fer í Styrktarsjóð Óss og er þaðan veitt út til samfélagsins. Í kringumjólín eru 10-15 bágstaddar fjölskyldur styrktar. Ós hefur styrkt grunnskólann og framhaldsskólann með veglegum gjöfum í gegnum árin. Heilbrigðisþjónustan hefur fengið sinn hluta af söfnunarfé til tækjakaupa og ýmsar safnanir hafa verið til hjálpar langveikum börnum. Nefna má fleiri verkefni t.d. Kiwanisdúkkuverkefni. En



það eru prestar í Hafnarkirkju sem sjá um að gefa ungum börnum litla tuskudúkkur á fjölskyldumorgnum. Enn eitt verkefnið sem Ós styrkir eru sérstök gleraugu sem henta vel í íþróttum og hefur Ungmennafélagið Sindri umsóknarformið til að sækja um slík gleraugu fyrir börn.

Landsverkefni á vegum Kiwanis eru t.d. Grímseyjasöfnun 2021 hjá klúbbum í Kiwanis, hjálmar til barna í samstarfi með Eimskip frá 2003. Evrópuverkefni eru Happy Child stuðningur við börn á flóttu í Síurlandi 2020-2021, skósöfnun til fátækra barna í Rúmeníu 2021. Það sem Kiwanishreyfingin á Íslandi er þekktust fyrir er sala á K-lyklinum sem er seldur undir kjörorðinu „Glymmum ekki geðsjúkum“ á 2-3 ára fresti.

Helsta heimsverkefni Kiwanis undanfarin 11 ár er útrýming á stífkrampa Maternal/

Neonatal Tetanus í samstarfi við UNICEF Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna frá 2010. Því miður hefur ekki enn náðst að útrýma stífkrampa í nokkrum stríðshrjádum löndum en í 27 löndum hefur það markmið náðst.

Sérstakar þakkir fá eftirtalin fyrirtæki á Hornafirði; Hafid, Birki, Hans Christensen, Mikael, Martölvan, Þingvað, Húsasmiðjan, Nettó, Ajtel, Múrfeðgar, Flytjandi, Olís, Skinney-Þinganes fyrir aðstoð við hin ýmsu verkefni klúbbsins. Ekki má svo gleyma fjölmörgum félögum í Ós sem vinna við hin ýmsu verkefni.

*Stjórn Kiwanisklúbbsins Óss óskar öllum Hornfirðingum gledilegra jóla og gæfuríks komandi árs.*

ÓSKUM ÖLLUM AUSTUR-SKAFTFELLINGUM

GLEDILEGRA JÓLA OG FARSÆLS KOMANDI ÁRS

ÞÖKKUM FYRIR ÁNÆGJULEG SAMSKIPTI Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.

FRÆDSLUNETIÐ - SÍMENNTUN Á SUÐURLANDI  
NÁM OG RÁÐGJÖF Í PINNI HEIMABYGGÐ

FRÆDSLUNETIÐ  
Símenntun á Suðurlandi

**Fljúgandi jóla-  
og nýárskveðja  
frá starfsfólki  
Flugfélagsins  
Ernis. Hlökkum  
til að taka á móti  
ykkur á nýju og  
spennandi flugári.**

**Gleðilega hátíð.**

